


**skoðun 12**




2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Þjóðhátíð í Eyjum

## Hin óræða eilífð

*Hanna Pálsdóttir opnar sumarsýningu með olíumálverkum í Skálholti. Hún hóf myndlistarnám árið sem hún fór á eftirlaun.*

**FÓLK**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**20. júlí 2012**
169. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Leitar draumadísar

*Norðmaðurinn Oddbjørn Skjerdal leitar að íslensku konunni með hundinn.*

**popp 26**

## Sannleikni ráðherra

*Það er allt í lagi að draga í efa niðurstöður rannsókna en ósannaðar getgátur eru ekki rök í sjálfu sér, skrifar Pawel Bartoszek.*

**skoðun 13**



## Leikið gegn Argentínu

*Guðmundur Guðmundsson stýrir íslenska landsliðinu á heimavelli í síðasta sinn.*

**sport 22**

**veðrið í dag**




**HÆGVIÐRI OG SKÚRIR** Í dag má búast við hægviðri eða hafgolu. Það verður heldur skýjað og horfur á skúrum í flestum landshlutum, einkum inn til landsins. Hiti allt að 18°C, hlýjast syðst.

**VEÐUR 4**

# Bitist um Arnarfjörðinn

**Fiskeldisfyrirtækið Fjarðarlax segir uppbyggingu sína í Arnarfirði og störf á svæðinu í hættu ef Arnarlax fær leyfi til að vera þar með 3.000 tonna eldi. Framkvæmdastjórinn segist sár út í bæjarráð Vesturbyggðar.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Við höfum lagt í fjárfestingar upp á rúma tvo milljarða á svæðinu, búnir að flytja sex fjölskyldur þangað, það eru þrjátíu manns í vinnu hjá okkur sem eiga allt sitt undir starfseminni svo mér finnst við eiga meira skilið frá bæjarráði Vesturbyggðar en þetta," segir Höskuldur Steinarsson, framkvæmdastjóri Fjarðarlax.

Hann er undrandi á bókun bæjarráðs frá 12. júlí síðastliðnum en þar lýsir bæjarráð yfir áhyggjum af því að umhverfisráðherra skyldi fella úr gildi ákvörðun Skipulagsstofnunar um að leyfi Arnarlax fyrir þrjú þúsund tonna laxeldi í Arnarfirði skyldi ekki háð umhverfismati. Málið kom á borð ráðherra eftir að Fjarðarlax kærði ákvörðun skipulagsstofnunar.

> Hins vegar eru aðstæður mjög góðar í Arnarfirði og það fer vel um okkur þar svo það er alveg ljóst að við munum ekki fara þaðan ógrátandi.
>
> HÖSKULDUR STEINARSSON
> FRAMKVÆMDASTJÓRI FJARÐALAX

Fjarðarlax er með um 1.500 tonna laxeldi í Arnarfirði en einnig 5.000 tonn í Patreksfirði og 700 tonn í Tálknafirði.

Höskuldur segir að fyrirtækið hafi fengið vottun á afurðir sínar og þar með sé hægt að selja þær fyrir mun hærra verð. Hins vegar sé mikil hætta á því að laxalús berist í laxinn séu kvíar frá öðrum aðilum þar hjá sem vinna eftir öðrum aðferðum og komi það fyrir geti þeir ekki staðið við skuldbindingarnar sem þessi vottun felur í sér.

„Þá er viðskiptamódelið hrunið því við höfum ekki efni á því að selja hann ódýrt," segir Höskuldur. „Það eru því okkar hagsmunir sem eru þarna í hættu og okkur svíður það mjög að bæjarráð skuli hafa áhyggjur af því að reynt sé að tryggja þá."

Hann segir að við slíka áhættu verði vart búið. „Okkar fjárfestar hafa lýst yfir áhyggjum af þessu og það er alveg víst að þeim mun ekki hugnast að vera þarna ef þessari hættu er beint að okkur. Hins vegar eru aðstæður mjög góðar í Arnarfirði og það fer vel um okkur þar svo það er alveg ljóst að við munum ekki fara þaðan ógrátandi," segir hann.

Ásgeir Sveinsson, varaformaður bæjarráðs, segir að ekki megi skilja bókunina svo að bæjarráð vinni gegn hagsmunum Fjarðarlax. „Við erum að hugsa um hagsmuni sveitarfélagsins í heild og samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum eiga áform Arnarlax ekki að stofna fiskeldi Fjarðarlax í hættu," segir hann.

Ef áform Arnarlax ganga eftir munu um 150 ný störf skapast á Bíldudal og nágrenni. Forsvarsmenn fyrirtækisins segjast ekki getað tjáð sig um málið á þessu stigi. Ekki náðist í Ásthildi Sturludóttur, bæjarstjóra Vesturbyggðar.

**- jse**



**ÞYRLA TIL AÐSTOÐAR** Áhöfn Maggýjar VE 108 fékk aðstoð frá þyrlu Landhelgisgæslunnar er eldur kom upp í vélarrúmi skipsins skammt undan Vestmannaeyjum í gær. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Humarbátur í vandræðum:

## Sjö sakaði ekki í eldsvoða á sjó

**ÖRYGGISMÁL** Engan sakaði þegar eldur varð laus í humarveiðibátnum Maggý VE 108 suður af Vestmannaeyjum um klukkan ellefu í gærmorgun.

Þyrla Landhelgisgæslunnar fór á staðinn sem og björgunarbátur úr Eyjum og fleiri nálæg skip. Meðal annars lagði skemmtiferðaskipið Le Boreal úr höfn til aðstoðar ef á þyrfti að halda.

Dæla þurfti sjó upp úr vélarrúmi Maggýjar þar sem eldurinn kom upp og voru dælur fluttar um borð bæði með hraðbát og þyrlunni. Humarbáturinn var síðan dreginn til hafnar, fyrst af björgunarbátnum Þór en Lóðsinn tók Maggý í tog síðasta spölinn í land.

Mennirnir sjö sem voru um borð í bátnum fóru strax í flotgalla og slökktu eldinn sjálfir. Fagnaðarfundir urðu á bryggjunni þegar aðstandendur tóku á móti áhöfninni.

**- gar**

Áform um uppbyggingu starfsemi lyfjafyrirtækisins Alvogen á Íslandi:

## Lyfjaverksmiðja gæti risið á Ásbrú

**IÐNAÐUR** Til greina kemur að byggja upp lyfjaverksmiðju lyfjafyrirtækisins Alvogen í gamla sjúkrahúsi varnarliðsins á herstöðinni á Keflavíkurflugvelli, nú Ásbrú. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins, en áformin fengust ekki staðfest hjá Alvogen.

Lengi stóð til að byggja upp einkasjúkrahús Iceland Healthcare í byggingunni, þar sem bjóða átti upp á liðskipta- og offituaðgerðir. Þrátt fyrir að talsvert hafi verið unnið í endurbótum á húsinu hefur ekkert enn orðið af fyrirætlunum fyrirtækisins, sem leigði húsið af Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar. Róbert Wessmann er í forsvari fyrir bæði Iceland Healthcare og Alvogen.

Alvogen hefur haft uppi hugmyndir um að byggja verksmiðju hér á landi um nokkurt skeið. Í frétt Fréttablaðsins frá byrjun árs 2010 var til dæmis haft eftir Róberti að líklegt þætti að henni yrði fundinn staður á Suðurnesjum, en þá voru reyndar áformin um einkasjúkrahúsið enn í vinnslu.

Alvogen er alþjóðlegt fyrirtæki sem er með yfir 100 ára rekstrarsögu og sérhæfir sig í þróun og framleiðslu samheitalyfja.

**- þj**



**NÝTT HLUTVERK** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru uppi hugmyndir um að byggja upp lyfjaverksmiðju fyrirtækisins Alvogen á Ásbrú í gamla sjúkrahúsinu. Þar stóð lengi til að byggja upp einkasjúkrahús. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





Smjörvi
í sérmerktum
umbúðum á
**20% lægra
verði**

ÞEKKIR ÞÚ
BLÓMIÐ?




www.forlagid.is

## SPURNING DAGSINS



*Birgitta, er eitthvað hreyfingarleysi á þér?*

Nei, ég er einmitt að reyna að hreyfa við fólki.

Birgitta Jónsdóttir, þingkona Hreyfingarinnar, undirbýr nú stofnun nýs stjórnmálaflokks sem bera mun heitið Píratapartýið.

Faraldur skemmdarverka á strætóskýlum kostar eiganda skýlanna milljónir króna:

# Sextíu rúður brotnar á þremur vikum

**LÖGREGLUMÁL** Um sextíu rúður í strætóskýlum hafa verið brotnar á síðustu þremur vikum, allar í eða nærri Hlíðahverfi í Reykjavík. Þetta er margfalt meira en gengur og gerist, en algengt er að fjórar til fimm rúður séu brotnar á mánuði.

„Þetta er búinn að vera faraldur undanfarnar vikur," segir Einar Hermannsson, framkvæmdastjóri AFA JCDecaux, sem á og rekur strætóskýlin.

Hann segist viss um að sami einstaklingur sé á ferð í öllum tilvikum, og telur líklegt að hann sé með neyðarhamar eða annað oddhvasst verkfæri til að brjóta rúðurnar. Einar telur jafnframt að um ungan einstakling sé að ræða þar sem rúðurnar séu brotnar á kvöldin en ekki á nóttunni.



**BROTNAR** Skemmdarvargurinn brýtur gjarnan margar rúður í hverju strætóskýli og notar líklega neyðarhamar til verksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hver rúða kostar um 30 þúsund krónur og tjón fyrirtækisins því að nálgast tvær milljónir króna, segir Einar. Hann segir nú í skoðun hvort taka eigi upp öryggisgæslu eða koma fyrir myndavélum til að grípa skemmdarvarginn eða vargana. Þeir sem orðið hafa vitni að skemmdarverkunum eru beðnir um að láta lögreglu vita í síma 444-1000. **- bj**

Leifsstöð að endimörkum:

## Byggja jafnvel nýja flugstöð

**SAMGÖNGUR** Efasemdir eru uppi um hvort hentugt sé að byggja við Leifsstöð til að anna sívaxandi umferð um Keflavíkurflugvöll.

Sagt var frá því í kvöldfréttum RÚV í gærkvöldi að ákvörðun verði tekin á næstu mánuðum um það hvort jafnvel verði byggð ný flugstöð við völlinn. Haft var eftir Hlyni Sigurðssyni, framkvæmdastjóra Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, að ákvörðun í málinu verði tekin á næstu mánuðum. **- gar**

Mikið vatnsveður um helgina:

## Kröpp lægð fer yfir landið

**VEÐUR** Einni dýpstu lægð sem sést hefur í júlí við norðanvert Atlantshafið og Ísland er spáð um helgina. Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur skrifar á vefsíðu sína að veðrinu muni fylgja mikið vatnsveður um allt land.

Einar reiknar með hvössum vindi og að úrkomumagnið gæti víða orðið 20-25 mm frá laugardagskvöldi fram á mánudagsmorgun. „20 mm eru svo sem engin ósköp þannig lagað séð í úrkomu," skrifar Einar. „En fyrir tjaldbúa og aðra þá sem hyggja á útiveru jafngildir magnið eins og hellt væri hægt og rólega úr 20 mjólkurfernum á hvern fermetra lands."

Lægsti mældi loftþrýstingur á Íslandi í júlí mældist árið 1901 og var þá 974 hektópasköl. Til samanburðar er reiknað með að í miðju lægðarinnar suðvestur af landinu muni loftþrýstingurinn mælast 964 hektópasköl. **- bþh**

Röng tenging í metandælu:

## Metan lak út vegna mistaka

**SLYS** **Metandæla við bensínstöð N1 á Ártúnshöfða brotnaði þegar strætisvagn rakst utan í hana um klukkan fjögur aðfaranótt fimmtudags. Metan streymdi óhindrað út í andrúmsloftið í kjölfarið vegna rangra tenginga í dælunni.**

**Slökkviliðið var kallað á vettvang og girti af svæðið þar sem mikil eldhætta hafði skapast. Slökkviliðsmenn voru í tvo klukkutíma á staðnum áður en ástandið taldist tryggt.**

**Gasið slapp út vegna þess að slöngur í dælunni voru vitlaust tengdar, en lokast hefði átt fyrir gasflæðið undir venjulegum kringumstæðum.** **- þeb**

# Grasfrjó og birkifrjó eru fólki erfiðust

**Flestir sem eru með frjókornaofnæmi hafa ofnæmi fyrir gras- og birkifrjóum. Gott er að fylgjast með frjókornum annarra plantna enda geta þau einnig vakið ofnæmisviðbrögð þrátt fyrir að sjúklingurinn hafi ekki ofnæmi fyrir þeim.**

**HEILSA** Ótal tegundir af frjókornum eru í loftinu á sumrin, en langflestir hafa aðeins ofnæmi fyrir tveimur þeirra.

„Menn eru viðkvæmastir fyrir gras- og birkifrjóum. Þessi frjó valda einnig mestum einkennum," segir María I. Gunnbjörnsdóttir, yfirlæknir ofnæmisdeildar Landspítalans.

Misjafnt er hvenær þessi frjó ná hámarki í lofti. Mest er af birkifrjóunum í byrjun sumars en grasfrjóin ná hámarki í lok júlí.

„Við látum sjúklinga oft fá frjódagatal og bendum þeim á að fylgjast með frjótölum á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands," segir María.

Út frá þessum tölum geta sjúklingar gert sér grein fyrir hvenær má búast við ofnæmiseinkennum og gert viðeigandi ráðstafanir.

Margir þjást líka af svokölluðu krossofnæmi og fá þá ofnæmisviðbrögð við fleiri frjókornum en þeim sem þeir eru með ofnæmi fyrir. Þess vegna getur verið skynsamlegt að fylgjast með fleiri frjótölum en þeim sem viðkomandi hefur ofnæmi fyrir.

María segir fólk gjarnt á að rugla kvefi saman við ofnæmi þar sem ofnæmiseinkennin líkist mjög kvefeinkennum. Fólk hnerri, fái nefstíflu og kláða í bæði augu og nef.

„Fólk með kvef getur kannski mætt í vinnu en hefur bara 70 til 80 prósent orku á við vanalega. Þannig líður manni líka þegar maður þjáist af ofnæmi."

María segir best að fara í ofnæmispróf til að láta skera úr um hvort um ofnæmi sé að ræða. Hins vegar geta ýmsar vísbendingar sýnt hvort óþægindin stafi af ofnæmi eða kvefi.

„Ef fólk fær alltaf kvef á sama tíma á árinu og sérstaklega ef það gerist á mesta frjókornatímanum, er það sterk vísbending um að kvefið sé í raun ofnæmi. Einkum ef enginn annar er kvefaður í kringum viðkomandi."

María segir auðvelt að stuðla að bættri líðan ofnæmissjúklinga.

„Regluleg lyfjameðferð er lykilatriði og það vita þeir sem eru með slæmt ofnæmi, þeir þola ekki annað. Andhistamíntöflur og sterapúst í nefið er mjög góð meðferð og dugar flestum."

katrin@frettabladid.is

### Meðaltal frjókorna í lofti í Reykjavík




### Góð ráð

- Skolaðu nefið ef ofnæmisviðbrögðin eru slæm. Það getur linað þjáningarnar um stundarsakir.
- Farðu í sturtu og skiptu um föt eftir skógarferðir eða leik í miklu grasi. Þannig losnar þú við frjó sem sest hafa í hár og fatnað.
- Haltu þig innandyra og lokaðu gluggunum á sólríkum og vindasömum dögum.
- Fylgstu með frjótölum og taktu ofnæmislyf reglulega þegar frjótímabilið hefst.



**FRJÓKORN** Eftir því sem norðar er farið á landinu seinkar blómgun plantna. Sveiflur á magni frjókorna eru þær sömu, en eru tveimur vikum seinna á ferðinni á Akureyri en í Reykjavík.



**FÚLL** Einar Marteinsson segir dóm héraðsdóms vel rökstuddan og skýran. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kveðst ekkert hafa að óttast:

## Einar hissa á áfrýjun sýknu

**DÓMSMÁL** **Ríkissaksóknari hefur áfrýjað sýknudómi yfir Einari ‚Boom' Marteinssyni, fyrrverandi leiðtoga íslenskra Vítisengla, í líkamsárásarmáli sem tengt var Hells Angels. Einar var ákærður fyrir að skipuleggja grófa líkamsárás sem aðrir sakborningar fengu allt að fjögurra ára dóm fyrir að fremja.**

**Einar var hissa á tíðindunum þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær. „Þetta var nú tiltölulega vel rökstuddur dómur og skýr þannig að mér finnst þetta ansi sérstakt. Auðvitað er maður drullufúll, en það er svo sem ekkert verra fyrir mig að þessu sé áfrýjað. Ég hef ekkert að óttast."** **- sh**

Ein með öllu á Akureyri:

## Krár ekki opnar allar næturnar

**SKEMMTANIR** Bæjarráð Akureyrar hefur synjað ósk aðstandenda hátíðarinnar Einnar með öllu að skemmtistaðir fái að vera opnir til klukkan fimm aðfaranótt mánudags um verslunarmannahelgina. Hins vegar er leyft að hafa vínveitingastaðina opna til klukkan tvö aðfaranótt föstudagsins og til klukkan fimm aðfaranætur laugardags og sunnudags. „Bæjarráð telur ekki rök fyrir að auka opnunartíma aðfaranótt mánudags frekar en heimilt er í lögreglusamþykktinni í almennum friðdögum," sagði bæjarráðið. **- gar**





BÓKABÚÐ FORLAGSINS

Fiskislóð 39

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA
kl. 10–18
OG LAUGARDAGA
kl. 10–14

FORLAGIÐ

Kaffi á könnunni og næg bílastæði


Formaður SÁÁ segir hugmyndir um lífsgæði vímunnar komnar út í öfgar:

# Aldraðir eigi vímulaust ævikvöld

**HEILBRIGÐISMÁL** „Sú ákvörðun að setja upp bar á öldrunarstofnun bendir til að hugmyndir okkar um lífsgæði vímunnar séu komnar út í miklar öfgar," segir Gunnar Smári Egilsson, formaður SÁÁ, um þá fyrirætlan að hefja vínveitingar í borðsal Hrafnistu í Reykjavík.

„Í stað þess að setja upp bari á þessum stofnunum ættum við að hjálpa fólki til að eiga vímulaust ævikvöld. Það er nefnilega svo að áfengi rýfur ekki félagslega einangrun aldraðra; þvert á móti veldur óhófsneysla aldraðra oft mikilli félagslegri einangrun og hamlar samskiptum eldra fólks við börn sín og barnabörn," segir Gunnar Smári.

Að sögn Gunnars Smára er óhófsneysla áfengis og röng notkun lyfja mikið vandamál meðal aldraðra. „Áfengi fer verr í fólk eftir því sem hægist á líkamsstarfseminni og þegar fólk eldist tekur það inn meira af lyfjum, sem mörg hver virka illa með áfengi," segir hann.

Þá vísar formaður SÁÁ í breska rannsókn sem hafi sýnt að þriðjungur þeirra sem glímdu við áfengissýki og ofneyslu lyfja á efri árum þróuðu með sér sjúkdóminn eftir að á eftirlaunaaldurinn var komið: „Þetta sýnir að aldraðir eru sérstakur áhættuhópur þegar kemur að áfengisneyslu; öfugt við það sem brjóstvitið vill segja okkur; að aldraðir séu komnir með þann andlega þroska að geta staðist áfengi. Málið er náttúrulega að áfengissýki eða lyfjamisnotkun tengist ekki þroska okkar, það eru aðrir þættir sem valda því að sum okkar þróa með sér áfengissýki." **- gar**



**GUNNAR SMÁRI EGILSSON** Formaður SÁÁ segir áfengi fara verr í fólk eftir því sem hægir á líkamsstarfseminni með aldrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

67% AFSLÁTTUR

1 STK. FULLT VERÐ: 299

99

SUN GARDEN

**SHEFFIELD SESSUR**
Fyrir stól eða bekk. Margir litir og munstur.
Stærð: 34 x 36 sm. 2.5 sm. þykk.

67% AFSLÁTTUR

**PORTO STÓLL**
Stóll úr svörtu stáli með grænu netáklæði.

FULLT VERÐ: 2.995

995

83% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 5.995

995

**CAMILLA STÓLL**
Samleggjanlegir stólar úr svarthúðuðu járni.

STAFLANLEGUR

SPARIÐ 6.000

**UDINESE ARMSTÓLL**
Vandaður stóll klæddur með sterku poly-rattan efni. Hægt að stafla.

FULLT VERÐ: 12.990

6.990

SPARIÐ 12.000

**ALGHERO GARÐBORÐ**
Vandað borð með fæti úr áli og graníti. Klætt með handfléttuðu, sterku polyester efni. Borðplata úr viðhaldsfríu viðarlíki. Stærð: B70 x L70 sm.

FULLT VERÐ: 24.990

12.990

50% AFSLÁTTUR

**TOTTENHAM SESSUR**
Flottar sessur með slitsterku polyesteráklæði. Fást í nokkrum fallegum litum.

1 STK. FULLT VERÐ: 4.995

2.495

50% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 29.990

14.990

**SAVANNA SÓLBEKKUR**
Mjög vandaður sólbekkur úr stáli og með sterku poly-rattan efni. Stillanlegt bak. Stærð: B60 x L196 x H31 sm.

FRÁBÆRT TILBOÐ

**PRISCA STÓLL**
Staflanlegur armstóll.
Áður **9.995**
nú **6.995**

NÚ 2 STK. AÐEINS:

9.995

71% AFSLÁTTUR

TILVALIÐ Í ÚTILEGUNA

FULLT VERÐ: 6.995

1.995

**DERBY SETT**
Flott sett úr lituðu plasti. Settið tekur lítið pláss þar sem hægt er að leggja saman bæði stólana og borðið.

VIÐHALDSFRÍTT

50% AFSLÁTTUR

**ELISE BORÐ**
Sporöskjulagað garðborð úr sterku plasti. Stærð á borði: B90 x L140 sm. Litur: Dökkgrár.

JARDIN®

FULLT VERÐ: 9.995

4.995

50% AFSLÁTTUR

BORÐ + SÓFI + 2 STÓLAR + SESSUR

ALLT SETTIÐ FULLT VERÐ: 59.990

29.990

SPARIÐ 7.000

HÆGT AÐ LEGGJA SAMAN

FULLT VERÐ: 16.990

9.990

**ROYAL HARÐVIÐARBORÐ**
Flott borð úr gegnheilum harðviði. Hægt að leggja saman svo það taki lítið pláss. Stærð á borði: Ø110 sm.

**SOFIE GARÐHÚSGÖGN**
Stílhreint og flott garðhúsgagnasett úr sterku, viðhaldsfríu, plastefni á frábæru verði! Settið samanstendur af sófa, 2 stólum, borði og sessum í stólana og sófann. Stærð á borði: B59 x L92 x H43 sm.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

## GENGIÐ 19.07.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,19 | 125,79 |
| Sterlingspund | 196,4 | 197,36 |
| Evra | 153,95 | 154,81 |
| Dönsk króna | 20,692 | 20,814 |
| Norsk króna | 20,597 | 20,719 |
| Sænsk króna | 18,111 | 18,217 |
| Japanskt jen | 1,5929 | 1,602 |
| SDR | 188,75 | 189,87 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,8208

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrirhuguð tómataræktun verður margfalt meiri en öll tómataræktun landsins:

# Ár í gróðurhús á Hellisheiði

**VIÐSKIPTI** Framkvæmdum við gróðurhús á Hellisheiði hefur verið frestað til ársloka en til stóð að þær hæfust í haust. Þetta var ákveðið á hluthafafundi Geogreenhouse síðastliðinn föstudag.

Stefnt er að því að gróðurhúsið verði svo tekið í notkun haustið 2013 að sögn Sigurðar Kiernan, stjórnarformanns Geogreenhouse. Hann segir enn fremur að fyrirtækið eigi í samningaviðræðum við fjárfesta og sér hann fram á að þeim viðræðum ljúki síðar á þessu ári.

Gróðurhúsið verður reist í tveimur áföngum en strax í fyrsta áfanga verður það fimm hektarar sem er meira en allt það svæði sem notað er til tómataræktunar á Íslandi. Árið 2015 verður gróðurhúsið síðan komið í tvöfalda stærð, það er að segja tíu hektara, en svo er óvíst enn hvenær lokaáfanga verður náð en þá verður gróðurhúsið stækkað upp í tuttugu hektara.

Fyrirtækið ræktar þrjár tegundir af tómötum og ef allt gróðurhúsið yrði notað undir þá tegund sem mest gefur af sér væri hægt að rækta um 4.000 tonn á ári strax eftir fyrsta áfanga, að sögn Sigurðar. Eftir að lokaáfanga er náð verður hægt að rækta 18.000 tonn, en hann segir að ekki sé miðað við svo mikla nýtingu. Tómatarnir verða allir fluttir út á Bretlandsmarkað. - jse



**SKRIFA UNDIR SAMNINGINN** Sigurður Kiernan og Bjarni Bjarnason forstjóri OR. Framkvæmdir við gróðurhúsið á Hellisheiði tefjast um nokkra mánuði.

Vekja athygli á netöryggi:

## Forritarar fá þrautabraut

**BRETLAND** Bresk stjórnvöld hafa sett upp nokkurs konar þrautabraut á netinu sem á að höfða til forritara og vekja áhuga þeirra á netöryggismálum. Er þetta tilraun stjórnvalda til að bregðast við auknum fjölda netárása.

Þeim þrjátíu forriturum sem standa sig best verður boðin þátttaka í frekari tilraunum, samkvæmt frétt BBC.

Margfalt erfiðara að bæta úr öryggismálum tilbúinna forrita en að byggja þau upp með öryggi í huga í upphafi. - bj



**ZINE AL ABIDINE BEN ALI** Fyrrverandi forseti Túnis flúði til Sádi-Arabíu á síðasta ári. NORDICPHOTOS/AFP

Ben Ali dæmdur í Túnis:

## Dæmdur í ævilangt fangelsi

**TÚNIS, AP** Zine al Abidine Ben Ali, fyrrverandi forseti Túnis, var í gær dæmdur í ævilangt fangelsi af dómstól í landinu.

Sjálfur var Ben Ali þó fjarstaddur, því hann flúði land snemma á síðasta ári til Sádi-Arabíu ásamt fjölskyldu sinni, þegar uppreisn gegn honum var komin á fullt skrið. Fjörutíu aðrir fyrrverandi valdamenn í stjórn Bens Ali voru einnig dæmdir í gær, og eiga að dúsa í fangelsi í fimm til tuttugu ár. - gb

### LAXVEIÐI

**43 prósent minni veiði**

Laxveiðin í síðustu viku var 43 prósentum lakari en á sama tímabili í fyrra. Vikuna 11. til 18. júlí var veiðin 1.952 laxar samanborið við 3.415 í fyrra. Vikuveiðin var sem sagt 1.463 löxum lakari en í fyrra. Miklir þurrkar og glennusól hafa leikið veiðimenn grátt undanfarið. Rennsli í ám er víða í algjöru lágmarki og vatnshitinn orðinn það hár að lax er tregur til að ganga.

### LEIÐRÉTTING

Í frétt um sólarlagið í blaði gærdagsins stóð að mikill fjöldi fólks safnaðist daglega saman á Ingólfshóli til að fylgjast með sólsetrinu. Þarna var að sjálfsögðu átt við Arnarhól.

# Hætta rannsókn á Ármanni og Guðna

**Serious Fraud Office í Bretlandi hefur fellt niður rannsókn á aðkomu Ármanns Þorvaldssonar og Guðna Níels Aðalsteinssonar að lánum til Tchenguiz-bræðra. „Það fylgja þessu blendnar tilfinningar," segir Ármann bæði feginn og fúll.**

**DÓMSMÁL** Breska efnahagsbrotalögreglan, Serious Fraud Office (SFO), hefur fellt niður rannsókn sína á tveimur fyrrverandi starfsmönnum Kaupþings, þeim Ármanni Þorvaldssyni, sem var bankastjóri dótturfyrirtækisins Singer & Friedlander, og Guðna Níels Aðalsteinssyni, fyrrverandi yfirmanni fjárstýringar Kaupþingssamstæðunnar.



**GUÐNI NÍELS AÐALSTEINSSON**

Rannsóknin hófst með húsleitum og handtökum í mars í fyrra, bæði í London og á Íslandi, og beindist að lánveitingum Kaupþings til bræðranna Roberts og Vincents Tchenguiz. Alls tóku 135 manns þátt í aðgerðunum og níu voru handteknir.

Ármanni og Guðna var tilkynnt um niðurfellinguna fyrir viku en fyrst var greint frá niðurstöðunni opinberlega í breska blaðinu Telegraph í gær.

„Það fylgja þessu blendnar tilfinningar," segir Ármann í samtali við Fréttablaðið. „Ég er auðvitað mjög feginn að vera laus við þetta en ég er hins vegar frekar fúll yfir að hafa lent í þessu yfirhöfuð, því að þetta var auðvitað fjarstæðukennt frá upphafi."

Ármann segir að leitað hafi verið á heimili hans og í kjölfarið hafi hann farið í eins og hálfs tíma skýrslutöku þar sem hann hafi fengið afar óljósar spurningar. „Þeir enduðu viðtalið á að segja: Þú ert ábyggilega að velta fyrir þér hvað þú ert að gera hérna," bætir hann við.

> Þetta var auðvitað fjarstæðukennt frá upphafi.
>
> ÁRMANN ÞORVALDSSON, FYRRVERANDI BANKASTJÓRI

Um leið og rannsóknin er felld niður falla úr gildi skilyrði sem sett voru á sínum tíma fyrir lausn tvímenninganna úr haldi lögreglu.

Rannsókn á þætti Vincents Tchenguiz var einnig felld niður nýverið, skömmu eftir að SFO neyddist til að viðurkenna að húsleit hjá honum hefði grundvallast á röngum upplýsingum og beðið hann afsökunar opinberlega.

Tchenguiz telur að aðgerðirnar hafi skaðað sig og starfsemi sína verulega og hefur boðað hundruð milljóna punda skaðabótamál vegna þess, en það jafngildir um tuttugu milljörðum.

Ármann segir að sér hafi verið bent á að þeir Guðni gætu farið sömu leið en sjálfur hafi hann ekki hugleitt það frekar að sinni. „Vandamálið er að það er mjög dýrt að leita réttar síns í Bretlandi. Það er ekki einu sinni víst að þú fáir þann kostnað til baka þótt dómur falli þér í vil."

Enn stendur yfir rannsókn á þætti Sigurðar Einarssonar, fyrrverandi stjórnarformanns Kaupþings, í viðskiptunum, sem og Roberts Tchenguiz og tveggja nánustu samstarfsmanna hans. Tveir fyrrverandi starfsmenn Kaupþings voru handteknir hér á landi vegna málsins á sínum tíma en Fréttablaðið hefur ekki upplýsingar um hvar málið er statt gagnvart þeim. stigur@frettabladid.is



**ÁRMANN ÞORVALDSSON** Hefur ekki ákveðið hvort hann leggur í skaðabótamál vegna rannsóknarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Á NETINU Í KÍNA** Meira en hálfur milljarður Kínverja er kominn með netengingu. NORDICPHOTOS/AFP

Kínverjar tæknivæðast hratt:

## Tveir af fimm komnir á netið

**KÍNA, AP** Í Kína eru 538 milljónir manna komnir með nettengingu. Þetta eru 39,9 prósent landsmanna eða tveir af hverjum fimm.

Netnotendum í Kína hefur fjölgað um ellefu prósent frá því á sama tíma á síðasta ári. Jafnframt hefur þeim sem nota netið í farsímum eða með öðrum þráðlausum hætti fjölgað um 22 prósent á sama tíma og eru nú 388 milljónir.

Stjórnvöld í Kína hvetja landsmenn óspart til að notfæra sér netið, en grípa jafnframt til margvíslegra ráðstafana til að koma í veg fyrir að efni, sem þau telja óæskilegt, sé aðgengilegt á netinu. - gb

### FÓLK

**Fæddist á Reykjanesbraut**

Stúlka fæddist í sjúkrabíl á Reykjanesbrautinni í fyrrinótt. Þetta kom fram á vef Víkurfrétta þar sem segir að tveir sjúkraflutningamenn hafi tekið á móti stúlkunni í Hvassahrauni.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Réðist á fyrrverandi með hníf**

Kona skarst á höndum þegar fyrrverandi maður hennar réðist á hana með hníf á heimili hennar á miðvikudagskvöld. Maðurinn var handtekinn á staðnum en konan var flutt á slysadeild.





Til sölu Mercedes Benz Actros ásamt Unilift krókheysi, árgerð 2007, ekinn 446 þús. km.
Bifreið og búnaður í mjög góðu ástandi.
**Nánari upplýsingar veitir Ómar Kjartansson í síma 891-9181.**


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**BREYTINGAR**
Það dregur loks til tíðinda í veðrinu. Á morgun færist kröpp lægð upp að landinu með vætu og vind. Það hvessir S- og SV-til upp úr hádegi með rigningu. Úrkomusvæðið færist síðan norður á bóginn. Á sunnudag lítur út fyrir rigningu eða skúri víða.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 19° |
| Mallorca | XX° |
| New York | 25° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 18° |
| París | 21° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



# Allt á grillið!

GOTT SÓSUR
- frábærar með kjúklingnum

**TILBOÐ 20%** afsláttur við kassa

GOTT KJÚKLINGASTEIK
**2.319** kr/kg
Verð áður 2.899,-

## NÝTT Í HAGKAUP
## GOTT KJÚKLINGASTEIK

Gott kjúklingasteikur eru unnar úr kjúklingabringum sem búið er að meðhöndla þannig að þær taki betur við marineringu auk þess sem eldunin verður styttri og jafnari.

Kjúklingasteikurnar eru til í tveimur útfærslum. Önnur tegundin er marineruð með hvítlauk og estragon, en hin er ókrydduð. **Grilltími 5-7 mín.**



TILBOÐ 25% afsláttur við kassa

TILBOÐ **1.874** kr/kg
Verð áður 2.498,-

**Lambalæri**
rifsberjalegið



TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

TILBOÐ **699** kr/kg
Verð áður 998,-

**Kjúklingaleggir**
í Texas marineringu



ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

komin aftur!

TILBOÐ **1.356** kr/kg
Verð áður 1.695,-

**Fabrikku svínarif**
forelduð, þarf aðeins að hita



TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

TILBOÐ **2.398** kr/kg
Verð áður 2.998,-

**Lambalærissneiðar**
úr miðlæri, kryddlegnar



## GRILLBAKKAR TILBÚNIR Á GRILLIÐ

- Marinerað grænmeti
- Kryddaðir kartöflustafir
- Bakaðar kartöflur
- Belgísk vaffla
- Buffaló kjúklingavængir
- Maísstönglar
- Sætar kartöflur



TILBOÐ
HOLTA BRATWURSTPYLSUR
**318** kr/pk.
Verð áður 398.-



TILBOÐ
MYLLU HEIMILISBRAUÐ
**299** kr/stk.
Verð áður 344.-



NÝTT
TILBOÐ
CUBI DOO KEXBITAR
**399** kr/stk.
Verð áður 439.-



Jói FEL

NÝTT
JÓI FEL HEILKORNA HAMBORGARA-BRAUÐ



Loksins komið aftur!

TILBOÐ
250ML X-VIRGIN AVOCADO-OLÍA
**999** kr/stk.
Verð áður 1.199.-



FREYJU REX 40GR
**59** kr/stk.



VÖLU KÓKOSBOLLUR
**349** kr/pk.



NÝTT RUNADE

SOCCERADE & RUNADE
**229** kr/stk.

**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Eiðistorg & Akureyri

Gildir til 22. júlí á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Á að leyfa vínveitingar á dvalarheimilum aldraðra?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 82,4% |
| NEI | 17,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að fylgjast með Ólympíuleikunum í ágúst?*

Segðu þína skoðun á Visir.is. vísir

Samkvæmt auðlindalögum má bara úthluta einu rannsóknarleyfi á svæði:

# Landsvirkjun og OR bítast um leyfi

**IÐNAÐUR** Orkustofnun hefur til umfjöllunar tvær umsóknir sem skarast og varða rannsóknarleyfi vegna fyrirhugaðra virkjana í Skjálfandafljóti.

Fram kemur á vef Orkustofnunar að um sé að ræða umsókn frá Landsvirkjun vegna virkjana í ofanverðu fljótinu og hin er frá Hrafnabjargavirkjun hf., sem er í meirihlutaeigu Orkuveitu Reykjavíkur, vegna virkjunar við Hrafnabjörg.

Samkvæmt auðlindalögum skal rannsóknarleyfi aðeins veitt einum aðila á hverju svæði, en umsóknir Landsvirkjunar og Hrafnabjargavirkjunar eru nú til umsagnar hjá umhverfisráðuneyti og landeigendum. Að þeim umsögnum fengnum mun Orkustofnun taka umsóknirnar til formlegrar afgreiðslu lögum samkvæmt.

Áréttað er í umfjöllun Orkustofnunar um umsóknirnar tvær að rannsóknarleyfi vegna virkjana gefi ekki fyrirheit um forgang að virkjunarleyfi síðar á viðkomandi svæði. Þannig er ekki hægt að gefa sér að orkufyrirtækið sem hlýtur rannsóknarleyfið verði á endanum fyrirtækið sem fær heimild til að byggja virkjun á svæðinu. **- óká**



**VIRKJAÐ** Tvö stærstu orkufyrirtæki landsins vilja bæði fá leyfi til rannsókna vegna virkjana í Skjálfandafljóti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fólki fjölgaði um hundrað:

# Karlar rúmlega þúsund fleiri

**HAGTÖLUR** Í lok annars fjórðungs þessa árs bjuggu 320.160 manns á landinu, samkvæmt nýjum tölum Hagstofu Íslands. Karlar eru 160.600 og konur 159.560. Karlar eru því 1.040 fleiri en konurnar.

„Landsmönnum fjölgaði um eitt hundrað á ársfjórðungnum. Erlendir ríkisborgarar voru 20.570 og á höfuðborgarsvæðinu bjuggu 203.970 manns," segir á vef Hagstofunnar.

Fram kemur að á öðrum ársfjórðungi hafi fæðst 1.160 börn, en 440 manns látist. **- óká**

Vara við vírum úr grillburstum:

# Til læknis með víra í þörmum

**NEYTENDUR Vírburstar sem notaðir eru til að hreinsa grill hafa valdið alvarlegum slysum í Bandaríkjunum og víðar. Vírar úr burstunum hafa setið eftir í grillinu og þaðan borist í mat. Neytendastofa varar nú við notkun slíkra bursta.**

**Dæmi eru um að fólk hafi komið á slysadeild með víra fasta í hálsi, maga, þörmum og öðrum líffærum, eftir að hafa borðað grillaðan mat. Í nokkrum tilvikum hefur fólk þurft að gangast undir skurðaðgerð.**

**Neytendastofa bendir fólki á að hrista vírburstana áður en þeim er beitt á grillin og fleygja þeim þegar vírarnir byrja að losna. - ktg**



**TILRÆÐISMAÐURINN** Talinn hafa sprengt sig í loft upp í rútu í Búlgaríu. NORDICPHOTOS/AFP

Árás á rútu í Búlgaríu:

# Ísraelar telja Írana ábyrga

**BÚLGARÍA, AP** Ísraelsk stjórnvöld telja að maður á vegum Hezbollah-samtakanna í Líbanon, sem njóta stuðnings Írans, hafi gert sjálfsvígsárás á rútu í Búlgaríu á miðvikudag.

Árásin kostaði sjö manns lífið, að meðtöldum árásarmanninum og búlgörskum bílstjóra rútunnar. Bifreiðin var full af ísraelskum farþegum á ferðalagi, og lét fimm þeirra lífið. Svipaðar árásir hafa verið gerðar á ísraelska ferðamenn víðs vegar um heim á síðustu mánuðum, og telja ísraelsk stjórnvöld að þær megi allar rekja til Írans. **- gb**



**ÖRYGGISRÁÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA** Rússar og Kínverjar hafa þrisvar sinnum beitt neitunarvaldi gegn ályktunum um refsiaðgerðir á hendur Sýrlandi. NORDICPHOTOS/AFP

# Rússland og Kína beittu neitunarvaldi

**Ekkert samkomulag tókst í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna um hertar refsiaðgerðir gegn Sýrlandi og áframhaldandi friðargæslu. Yfirmaður friðargæslusveita SÞ í Sýrlandi segir þær tilgangslausar hvort eð er. Assad sagður á flótta.**

**SÝRLAND, AP** Uppreisnarmenn í Sýrlandi segjast afar bjartsýnir og spá því að stjórn Bashar al Assads forseta muni falla áður en langt líður. Stjórnmálamenn á Vesturlöndum hafa sumir tekið undir þetta.

Vangaveltur eru um að Assad sjálfur sé flúinn frá höfuðborginni Damaskus, hugsanlega til hafnarborgarinnar Latakia þar sem hann á mikinn stuðning vísan, en engin staðfesting hefur fengist á þessu.

Þá hafa uppreisnarmenn fullyrt að eiginkona hans hafi flúið til Rússlands á miðvikudag.

Sýrlenska sjónvarpið birti í gær myndir af því þegar Assad setti nýjan varnarmálaráðherra í embætti í gær, en ekki kom fram hvar sú athöfn fór fram.

Nýi ráðherrann tekur við af Dawoud Rajha, sem fórst á miðvikudag í árás á hús í Damaskus þar sem háttsettir yfirmenn hersins voru á fundi. Þar fórst einnig mágur Assads ásamt fleiri ráðamönnum.

Stjórnarherinn í Sýrlandi herti mjög árásir sínar á uppreisnarmenn í kjölfar atburðarins á miðvikudag.

Ekkert samkomulag náðist hins vegar um hertar refsiaðgerðir gegn Sýrlandsstjórn í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna í gær, þar sem Rússar og Kínverjar beittu neitunarvaldi sínu.

Með því að fella ályktun, sem Vesturlönd studdu, komu Rússar og Kínverjar jafnframt í veg fyrir að umboð friðargæsluliðs Sameinuðu þjóðanna í Sýrlandi yrði framlengt, en það rennur út í dag.

Robert Mood, hinn norski yfirmaður friðargæsluliðsins í Sýrlandi, segir reyndar að liðið sé nánast tilgangslaust, enda hafi vopnahléssamningum ekki verið fylgt eftir af neinni alvöru af hálfu stjórnarhersins eða uppreisnarmanna í Sýrlandi.

„Mér þykir sárt að segja það, en við erum ekki á neinni leið til friðar í Sýrlandi," sagði Mood.

Átökin í Sýrlandi eru nú talin hafa kostað um 17 þúsund manns lífið síðan þau hófust snemma á síðasta ári. Uppreisnarmenn segja flesta hinna látnu hafa verið almenna borgara.

Sýrlandsstjórn segir hins vegar að um fjögur þúsund hermenn og lögreglumenn hafi látist í átökunum, en tekur ekki fram hve margir almennir borgarar hafa látist.

gudsteinn@frettabladid.is



**KIM OG KONAN** Kona nokkur hefur sést í fylgd Kim Jong Uns við opinber tækifæri undanfarið, án þess að staða hennar hafi verið skýrð nánar. NORDICPHOTOS/AFP

Staða Kim Jong Un styrkist:

# Bætir við sig marskálkstitli

**NORÐUR-KÓREA, AP** Kim Jong Un, hinn ungi leiðtogi Norður-Kóreu, hefur tekið sér titilinn marskálkur, til viðbótar við titla sem hann ber fyrir: Formaður Verkamannaflokksins, formaður varnarmálanefndar ríkisins, formaður hermálanefndar flokksins og æðsti yfirmaður hersins auk þess sem hann á sæti í forsætisnefnd framkvæmdaráðs flokksins.

Með þessari titlasöfnun ásamt hrókeringum í yfirmannaliði hersins er Kim sagður styrkja stöðu sína. Hann hefur líka þótt duglegri við að halda ræður opinberlega en faðir hans, Kim Jong Il, sem lést síðastliðið haust. **- gb**

Hrapaði fram af Stabben

# Lést eftir slys við base-stökk

**NOREGUR Brasilíumaður á fertugsaldri hrapaði til bana á miðvikudag eftir að hafa stokkið fram af þverhnípi í Romsdal í vesturhluta Noregs.**

**Maðurinn stundaði svokallað base-stökk, þar sem stokkið er með fallhlíf fram af klettum eða mannvirkjum, en í sínu hinsta stökki, fram af fjallinu Stabben, rakst maðurinn utan í klettavegginn og náði ekki að opna fallhlífina. Hann var í fylgd tveggja annarra stökkvara sem gengu niður af fjallinu eftir slysið.**

**Þetta svæði er vinsælt meðal base-stökkvara, en er viðsjárvert. Þar hafa nú átta stökkvarar látist á tæpum þrjátíu árum. - þj**




Hezbollah-samtökin í Líbanon í vanda stödd ef Assad Sýrlandsforseti fellur:

# Missa sinn helsta bandamann

**LÍBANON** Andstæðingar Hezbollah-samtakanna í Líbanon hafa verið að færa sig upp á skaftið undanfarið, enda telja þeir skammt í að stjórn Bashers al Assad Sýrlandsforseta falli. Assad hefur verið helsti stuðningsmaður Hezbollah-samtakanna og ítök þeirra í Líbanon virðast að nokkru háð áframhaldandi stuðningi hans.

„Guð hafi það, Nasrallah, ég mun ekki láta þig komast upp með að sofa á nóttunni," segir klerkurinn Ahmad Assir, einn helsti andstæðingur Hezbollah í Líbanon, og beinir orðum sínum að Hassan Nasrallah, leiðtoga Hezbollah.

„Þeir hafa niðurlægt okkur nógu lengi. Þetta snýst um virðingu okkar núna. Ég get ekki lifað svona lengur, það er komið nóg," hrópar Assir, sem til skamms tíma var lítt þekktur klerkur í Líbanon en nýtur nú vaxandi vinsælda meðal súnnímúslima, ekki síst vegna þess hve opinskátt hann hefur gagnrýnt Hezbollah, samtök sjía-múslima.

Vinsældir Hezbollah hafa að sama skapi dalað og þá ekki síst vegna þess að þau hafa dyggilega stutt Assad Sýrlandsforseta gegn uppreisnarmönnum þar í landi, jafnvel þótt Hezbollah hafi annars stutt mótmælendur og uppreisnarmenn í Egyptalandi, Túnis, Líbíu og Barein. **- gb**



**AHMAD ASSIR** Gagnrýnir opinskátt Hezbollah-samtökin fyrir stuðning við Assad Sýrlandsforseta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

PIPAR\TBWA - SÍA - 122115








www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00




Tveir handteknir og einn á spítala eftir ölvunarakstur:

# Brotnaði illa í andliti

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður var fluttur illa slasaður á spítala eftir torfæruslys rétt utan við Flúðir á fjórða tímanum í fyrrinótt. Hann reyndist mikið brotinn í andliti en er ekki í lífshættu.

Þrír menn voru í bílnum, tveir yfir fertugu og einn innan við fertugt. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu voru þeir allir drukknir. Hinir óslösuðu neituðu að gefa upp hver hafði ekið bílnum eða annað um málsatvik og voru látnir sofa úr sér í fangaklefa. Þeir voru svo yfirheyrðir í gær.

Í bílnum, sem lögreglan lýsir sem óskráðum. fullbúnum torfærubíl sem einhvern tímann gæti hafa verið Willy's-jeppi, eru aðeins tvö sæti. Mennirnir voru hins vegar þrír í honum þegar hann valt í brekku utan vegar.

Þegar ljóst varð hve illa einn þeirra var slasaður neyddust hinir til að hringja eftir sjúkrabíl þrátt fyrir ástand sitt. Maðurinn komst til meðvitundar í sjúkrabílnum á leið sinni á Landspítalann í Reykjavík. Þar gekkst hann undir aðgerð í gærmorgun. Lögregla hyggst yfirheyra hann þegar færi gefst.

**- sh**



**Á GOSSLÓÐUM** Segja má að uppgangur útsýnisflugs í þyrlum hafi hafist þegar gaus á Fimmvörðuhálsi 2010. Síðan þá hefur slíkt flug aukist bæði á gosslóðir og vinsæla viðkomustaði ferðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ósáttur við hávaða frá þyrlum

**Hávaði frá þyrlum kann að grafa undan upplifun ferðamanna. Leiðsögumaður vill skýrar reglur. Meiri umferð fylgir eðlilega ónæði, segir þjóðgarðsvörður.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Þyrluferðir með ferðafólk í útsýnisflug og á valda áfangastaði hafa færst í vöxt síðustu ár. Steingrímur Gunnarsson leiðsögumaður segir hávaðamengun frá þyrlunum slíka að það eyðileggi upplifun annarra ferðamanna. Hann kallar eftir reglum um hversu nálægt megi fljúga þyrlunum og vill að lagt verði á þær sérstakt gjald fyrir hverja lendingu, sem runnið gæti til uppbyggingar og viðhalds á viðkomandi stöðum.



**STEINGRÍMUR GUNNARSSON**

Steingrímur nefnir sérstaklega Geysi og Þingvelli sem vinsæla áfangastaði þar sem truflun sé af miklu þyrluflugi, en segir dæmin um leið fleiri. „Um daginn var ég með félögum mínum í Dyrhólaey við fuglaskoðun í kyrrðinni rétt fyrir níu að morgni. Þá heyri ég í þyrlu í fjarska sem mér til undrunar kom fljúgandi beint yfir til okkar. Kyrrðin var rofin og allur lundi rokinn út á sjó," segir hann og segir sífellt aukast ferðir hingað þar sem fólk sækir í friðinn og þögnina í náttúrunni. Þyrluflugið segir hann grafa undan þeim verðmæta markaði með hljóðmengun.

„Ég hef verið í leiðsögn síðan 1972 og hef fylgst með breytingum, mörgu til hins góða og svo öðru sem við þurfum að gæta okkar á. Við þurfum að halda í góðu kúnnana, þá sem gefa mest af sér," segir hann og kveður vítin til þess að varast þau. Þannig hafi Spánverjar farið flatt á því að meta árangur í ferðaþjónustu út frá því hversu margir gestir komu til landsins. „Árangurinn á meta út frá því hvað menn skilja eftir og þyrluflugið skemmir markaðinn þó að þeir sem kaupa flug borgi mikið fyrir það."

Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, segir samstarf við þyrlufyrirtækin hafa verið gott. „Við höfum sett reglur sem þyrluflugmenn fara eftir um lendingar og komur til Þingvalla," segir hann, en þar fyrir utan gildi venjulegar flugreglur á svæðinu.

„Það er hins vegar alveg rétt að þær raddir hafa heyrst frá friðlýstum svæðum víða, sérstaklega hér sunnan- og suðvestanlands, að mönnum þyki hafa verið mikill vöxtur í þessu þyrluflugi og mönnum þykir ónæði af þessu."

Ólafur segir rétt að hluti af gildum og gæðum þjóðgarðsins sé að þar ríki friður og ró, en sá friður hafi vitanlega verið rofinn að hluta með aukinni umferð, hvort sem þar sé um að ræða bíla eða önnur farartæki.

olikr@frettabladid.is

## Hentugur ferðamáti og umhverfisvænn

„Hér hefur orðið mikil aukning í ferðamennsku og það á jafnt við um þyrlur eins og hvað annað," segir Sigurður Pálmason, framkvæmdastjóri Þyrluþjónustunnar. „Allur flutningsmáti með ferðamenn á landinu hefur aukist." Sigurður segist hins vegar ekki hafa orðið var við að hnýtt væri í þyrluflugið. „Og mér þætti skrítið ef fólk í ferðageiranum gerði athugasemdir við það. Við erum í raun og veru bara að sinna kröfum markaðarins." Þyrluflugið segir Sigurður vera þann ferðamáta sem einna hentugastur sé fyrir landið. „Við förum inn á svæði án þess að skilja eftir okkur nokkur spor. Bæði getur fólk fengið að upplifa landið úr lofti og komist á torsótta staði án þess að landið sé útsparkað. Það kæmi mér því á óvart ef verið væri að agnúast út í þyrlur sem eru mikilvæg uppspretta gjaldeyristekna frá þeim sem skoða vilja landið." Sigurður segir samstarf hafa verið gott við rekstraraðila þar sem Þyrluþjónustan sé með aðstöðu, svo sem á Geysi, og eins hafi samstarf verið gott við Þjóðgarðinn á Þingvöllum.

**TILBOÐIN GILDA 19. - 22. JÚLÍ**

**NÝTT KORTA TÍMABIL**

## JARÐARBER 250 G



**-50%**

~~ÁÐUR 398 KR/PK~~

**199kr/pk**

## HVÍTLAUKS KJÚKLINGAVÆNGIR




**-40%**

~~ÁÐUR 498 KR/KG~~

**299kr/kg**

# nettó
Kræsingar & kostakjör

## NAUTALUNDIR FROSNAR



~~ÁÐUR 3.975 KR/KG~~

**3.498kr/kg**

## KJÖTBAKA MEXICANA 500G



**-31%**

~~ÁÐUR 1.298 KR/STK~~

**896kr/stk**

## Mjúkís




**-33%**

~~ÁÐUR 589 KR/STK~~

**395kr/stk**

## PIZZASNÚÐUR 115 G BAKAÐ Á STAÐNUM*



**-50%**

~~ÁÐUR 298 KR/STK~~

**149kr/stk**

*Gildir ekki um Nettó Salavegi



**HEFÐ FYRIR RIFRILDUM** Páll segir skipta mestu máli í skipulagsmálum að sem flestir séu sammála, vegna þess að meirihlutar komi og fari en skipulagsmál megi ekki enda í óvissu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sjaldan séð bæinn eins lifandi

**Páll Hjaltason**, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, segir óþarfa að rífast um skipulagsmál því þau séu raunverulega vísindi og hægt sé að nota borgina sem tilraunastofu. Hann segir draum ungs fólks um einbýlishús í úthverfi vera farinn og sér ekki galla við hótel í Landsímahúsinu umfram skrifstofustarfsemi. Hann ræddi skipulagsmál við *Þórunni Elísabetu Bogadóttur.*

Það sem er erfiðast í umræðunni er þegar verið er að halda fram einhverju sem er ekki rétt," segir Páll Hjaltason, arkitekt og formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar. Hann á við umræðuna um breytingar í Kvosinni og byggingu hótels í Landsímahúsinu, sem hefur mikið verið rætt um síðustu vikur eftir að úrslit í alþjóðlegri samkeppni um reitinn voru kynnt. Páll segir þó frábært að finna að fólk hafi áhuga á skipulagsmálum.

„Sex hæða bygging við Kirkjustræti – það er enginn að fara að gera það. Hæð ofan á Landsímahúsið með skuggamyndun á Austurvöll – það er enginn að fara að gera það. Nasa rifinn – já, en til þess að endurbyggja hann sem er eina leiðin. Það er erfitt þegar umræðan snýst um eitthvað sem er ekki rétt."

## Ekki eins og svæðið sé gefandi

Samkvæmt deiliskipulagi á svæðinu má rífa öll gömlu húsin við Vallarstræti og byggja fjögurra hæða hús framan við Landsímahúsið, út að Kirkjustræti. Tillagan sem varð hlutskörpust í samkeppninni gerir hins vegar ráð fyrir því að gömlu húsin fái að standa, og að sögn Páls verður fyrirhuguð nýbygging við Kirkjustræti minni en heimilt er. „Mér finnst þessi bygging við Kirkjustræti vera góð, en ég á von á því að henni verði breytt í áframhaldandi vinnu. Það er lagt til að hún verði þriggja hæða með inndreginni efstu hæð, þetta er það eina sem verið er að byggja við hótelið. Hún bæði rammar Austurvöll betur inn og dýpkar Víkurgarð mjög mikið. Mér þykir vænt um gömlu borgina mína, en það er ekki eins og þetta svæði sé mjög gefandi í dag."

Gert er ráð fyrir því að allt svæðið á jarðhæð hótelsins verði almenningsrými. „Maður sæi fyrir sér frábæran veitingastað á jarðhæð sem myndi opnast út á Austurvöll þar sem væri sól til þrjú svo það væri frábær hádegis- og morgunstaður. Þá fer sólin yfir í Víkurgarð. Þegar búið er að loka sundinu þar verður torgið algjört suðupottur og frábær útivistarstaður.

Það er líka oft talað gegn hótelum. Hótel, hvað sem um þau má segja, eru með almenningsrými á jarðhæð, í þessari tillögu eru öll rými á jarðhæð almenningsrými. Hótel eru viss akkeri, þau eru. Hótel Saga er búin að vera til lengi, og hún sinnir Vesturbænum sem kaffihús, matsölustaður og bar. Það er ekki slæmt að fá hótel, þeir staðir eru gjarnan stöndugri en veitingastaðir sem koma og fara. Ég sé engan galla við það að hafa þetta hótel umfram að hafa þetta leiguhúsnæði fyrir skrifstofur, sem er staðan í dag og yrði líklega áfram ef ekki kæmi hótel. Þetta er ekki risahótel, heldur 150 til 160 herbergja hótel sem nær bara að Vallarstræti."

## Útúrsnúningar um Ingólfstorg

Hugmyndirnar við Vallarstræti eru líka vel innan skipulagsins að sögn Páls. „Það er verið að endurbyggja Nasa, sem er því miður ónýtt hús, en það verður bara betri salur í nýju húsi. Það verður betur hljóðeinangrað og á ekki að hafa nein áhrif á hótelið. Það gæti vonandi bara orðið fjölbreyttari veitingasalur fyrir miðborgina. Húsið opnast út á Austurvöll – þetta á að vera hátíðarsalurinn okkar."

> Nasa opnast út á Austurvöll – þetta á að vera hátíðarsalurinn okkar.

Þá bendir Páll á að breytingar á Ingólfstorgi væru ekki hluti af hóteluppbyggingunni, heldur yrði það framkvæmd á vegum Reykjavíkurborgar ef af verður. „Nýbyggingin þar stæði nákvæmlega þar sem Hótel Ísland stóð. Vallarstræti og Veltusund voru alltaf sund við þetta hótel þar til það brann. Þessi hús voru aldrei torghús, heldur frábær hús í litilli þröngri götu. Austurstræti gekk líka að Aðalstræti og það eru elstu gatnamót í Reykjavík. Tillagan endurvekur þannig sögu Reykjavíkur sem mér finnst ekki hafa komið nógu skýrt fram. Verið er að skapa þá borgarmynd sem við áttum hérna um síðustu aldamót, að vissu leyti á nýjan hátt." Þá segir Páll það útúrsnúning þegar rætt sé um að Ingólfstorg verði minnkað um helming. Torgið sé fært yfir að Hafnarstræti, sem gefi möguleika á því að tengja það starfseminni í húsunum þar.

## Reykjavík á þéttingu inni

Skipulagsmálin snúast þó um fleira en hótel í Landsímahúsið. Í haust verður kynnt nýtt aðalskipulag borgainnar sem unnið hefur verið að lengi og Páll hlakkar til að kynna fyrir alþjóð. Hann segir róttækustu breytingarnar þar vera þétting byggðarinnar innan borgarmarkanna. „Við föllum frá öllum áætlunum um frekari úthverfi og setjum uppbyggingarþungann inn í borgina. Með því nýtum við innviði, skólakerfið, gatnakerfið, veitukerfið, allt sem er til. Allur þessi kostnaður sem samfélagið hefur þegar farið í, þetta verður nýtt betur. Nú er þetta eiginlega vannýtt í öllum hverfum borgarinnar. Skólarnir eru fullir í Vesturbænum en ég held að þá sé það upptalið. Annars staðar eru þeir vansetnir því hverfin eru ekki nógu stór til að fylla þá."

Páll segir þetta í raun hagræðingu. „Ég sé það dálítið þannig að Reykjavík eigi þetta inni, við erum búin að leggja inn fyrir þessu og nú þurfum við að taka út þessa uppbyggingu. Fyrir utan að það er sannreynt erlendis frá að til að almenningssamgöngur virki þá þarf ákveðinn þéttleika."

## Hægt að ná góðri sátt um hverfin

Á grundvelli þessa aðalskipulags verður svo unnið hverfaskipulag, sem hafist verður handa við í haust. „Það er kannski það sem maður verður stoltastur af að hafa komið í gang og vonandi klárað á þessum tíma. Hverfaskipulagsvinnan felur í sér mikið íbúasamráð og íbúafundi. Það er tómt mál að tala um þéttingar ef það eru ekki allir sammála um þær. Ég er alveg sannfærður um að þegar öll hverfi eru skoðuð og hvað má bæta í þjónustu, tómstundum og svo framvegis, þá sé hægt að finna góða sátt. Þarna koma líka inn hlutir eins og félagsleg blöndun, því ef hverfi verða einsleit leiðir það af sér félagsleg vandamál í hvora áttina sem er. Þetta er líka lýðheilsumál, að fólk geti gengið út í búð og þurfi ekki að keyra bæjarenda á milli til að sinna tómstundum," segir Páll. Styrkja eigi hverfin til að íbúar geti sótt sem mest af þjónustunni innan hverfisins.

Þótt áherslan sé stundum á miðborgina, sem Páll segir eðlilegt enda sé hún samnefnari allra Íslendinga, segir hann verið að reyna að efla hverfisvitund alls staðar. „Það er margt að gerast í öllum hverfum enda borgin full af frábærum hverfum." „Við höfum talað fyrir íbúasamráði og verið að reyna að þróa það. Bæði með vefnum Betri Reykjavík og með íbúakosningum um einstök hverfi. Þetta eru tæki sem enginn kann alveg að nota en vonandi verður

þetta virkara. Margar borgir eru að skoða þessa leið en við erum tiltölulega framarlega í því.“

### Draumur um einbýlishús í úthverfi er farinn

Páll segir meðal stórra verkefna að koma fyrir nýjum íbúðum, ekki síst fyrir ungt fólk. Kannanir hafi sýnt að mikill áhugi sé meðal ungs fólks á að búa miðsvæðis. „Ég held að það megi segja að draumur hins unga Íslendings um að eiga einbýlishús í úthverfi sé eiginlega farinn. Bara það er ofboðslega mikil breyting og borgirnar bregðast hratt við því hvað íbúarnir vilja og hvernig þróunin er. Þetta er fullkomlega sambærilegt því sem gerist erlendis. Verkefnið er að búa til gott, blandað íbúðahúsnæði niðri í bæ. Það þarf að byggja upp þéttara og við þurfum hreinlega að fjölga fólki í bænum.“

### Skipulagsmál eru vísindi

Páll segir skipta mestu máli í skipulagsmálum að sem flestir af borgarfulltrúum og stjórnkerfinu séu sammála um þann veg sem sé varðaður fram undan. „Af því að við vitum alveg að það koma alls konar meirihlutar og þá er mikilvægt að skipulagsmál lendi ekki í óvissu. Ég er mjög ánægður með að í aðalskipulagsvinnunni var tíu manna hópur frá öllum flokkum og hún var unnin í góðri sátt um öll meginmarkmið.

Það er viss hefð fyrir því að við rífumst um skipulagsmál en það er raunverulega óþarft. Ég lít ekki á skipulagsmál sem huglægan hlut. Skipulagsmál eru raunverulega vísindi. Ef maður passar að öll fagmennska og allar rannsóknir og allar upplýsingar liggi á hreinu þá er engin ástæða til að vera að þjarka mikið um þau mál. Við erum sem betur fer ekki eina borgin í heiminum og það er ofsalega mikilvægt að fylgjast með því hvernig aðrar borgir gera þetta. Við erum náttúrulega alls ekki einangruð og erum hluti af því sem er að gerast annars staðar í hinum vestræna heimi í borgarumhverfi. Þessar almennu áherslur á vistvænar samgöngur og almenningssamgöngur, um íbúðauppbyggingu miðsvæðis, að þétta borgir þar sem það á við. Auðvitað erum við sérstaklega í þeirri stöðu sem mjög dreifð borg.“

### Ætlum að breyta fljótt

Páll tekur dæmi af Helsinki, þaðan sem hann er nýkominn. „Það er gaman að sjá hvað þeir eru tilbúnir að gera með sumarborgina. Þar er mikill snjóþungi á veturna en á sumrin koma þeir út með sölutjöld og bása og palla og allt saman, eru tilbúnir með þetta. Þeir vita að þetta er árstíðaborg, og þarna getum við lært mikið af þeim, að vera ekki að gera þetta allt of varanlega heldur vera svolítið í flæðinu.

Við getum lært sérstaklega mikið af þessum borgum sem eru norðlægar, en við eigum líka mikla samleið með litlum borgum í Bandaríkjunum af því að Reykjavík byggðist svo seint að hún er bílaborg og dreifð borg. Að sjá hvernig þeir eru að taka á almenningssamgöngum og hjólaleiðum, sem þeir þurfa að gera það frá grunni eins og við, en eru ekki með áratuga reynslu eins og Kaupmannahöfn til dæmis. Það má læra mikið af þeim sem gera þessar breytingar á nokkrum árum, eins og við ætlum að gera.“

### Borgin raunveruleg tilraunastofa

Þá segir Páll frábært að geta notað borgina sem raunverulega tilraunastofu, en það hafi verið gert í borgum eins og New York með góðum árangri. Hann nefnir sem dæmi verkefnið Torg í biðstöðu, þar sem torgum um alla borg er breytt tímabundið. „Við þurfum að vera óhrædd við að gera tilraunir, svo sjáum við til. Ef eitthvað virkar þá heldur það áfram og er gert betur. Sumt er ekkert sniðugt og þá er fallið frá því og annað skoðað. En við þurfum að vera opin fyrir því hvernig borgin andar og virkar. Íslendingar og Reykvíkingar eru frábærir að því leyti að þeir eru fljótir að grípa tækifærið. Ég hef sjaldan séð bæinn eins lifandi og hressan og hann er í dag.“

## Reykjavík að verða ferðamannaborg

„Það er nýtt álag á borginni. Reykjavík er að verða ferðamannaborg og Ísland er að verða ferðamannaland. Fjöldinn eykst um 15 til 20 prósent á ári. Ætlum við að stoppa það? Ætlum við að setja kvóta á flugfélögin? Ferðamennirnir eru komnir og vinsælasti ferðamannastaðurinn þrátt fyrir allt er Reykjavík,“ segir Páll.

„Ef við sinnum ekki hóteluppbyggingu þá lendum við í því sem við erum reyndar þegar að lenda í; að það koma gistiheimili og alls konar heimagistingar inn í gömlu hverfin. Það er mjög slæmt af því að það er álag sem á ekki að vera inni í íbúðahverfum. Ef við sinnum ekki uppbyggingu á hótelum í takti við þann fjölda ferðamanna sem hingað kemur þá mun það hafa mjög slæm áhrif á gömlu hverfin fyrst og fremst.

Mér finnst þessir gestir okkar líka vera til fyrirmyndar. Maður sér það þessa sumardaga, Reykjavík er full af fólki og alls ekki allt útlendingar. Það er eiginlega engin bílaumferð um göturnar en miðbærinn er fullur af fólki og það er þannig sem við viljum hafa það. Ég held að ferðamenn séu að gefa okkur mjög mikið, fyrir utan að gera borgina alþjóðlega. Við höfum alltaf verið og



eigum að vera gestrisið fólk og taka vel á móti okkar gestum. Vissulega þurfum við að taka á vandamálum með rútur í miðbænum og það er verið að fara yfir það. Rútur eiga ekki að stoppa í Aðalstræti. Þeir geta bara verið aðeins fjær. Fólkið er yfirleitt í gönguskóm á leið á fjöll hvort sem er. Þetta eru hliðarverkanir, en við getum ekki bara horft á þær. Við þurfum að horfa á allt hitt sem þetta gefur okkur. Starfsemina sem kemur í bæinn, veitingastaði, verslanir, þjónustu, atvinnu – sem er nú eitt af því sem við þurfum að laga hér eftir hrunið okkar.“




# skoðun

greinar@frettabladid.is

Vínveitingaleyfi á elliheimilum er bezta mál:

# Öl-drunarheimili

Sú jákvæða og skemmtilega frétt var á forsíðu Fréttablaðsins í fyrradag að á Hrafnistu, dvalarheimili aldraðra í Reykjavík, stæði til að endurnýja matsalinn, gera þar kaffihúsastemningu og gefa vistmönnum og gestum þeirra kost á að kaupa sér bjór og léttvín.

Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu, sagði í samtali við blaðið að um ákveðna byltingu í þjónustu við íbúana væri að ræða. Heimilisfólk gæti fengið ættingja og vini í heimsókn og setzt niður á kaffihúsinu með þeim, en margt af fólkinu ætti erfitt með að fara á kaffihús úti í bæ. Svo væri tilvalið að panta bjór eða léttvín með matnum, til dæmis þegar meira væri lagt í kvöldverðinn við hátíðleg tækifæri. „Og ef heimilismenn vilja setjast út í sólina með rauðvín þá er það bara hið bezta mál.“

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Fyrirfram hefði mátt búast við að forsvarsmenn samtaka eldri borgara fögnuðu þessari auknu þjónustu og hvettu til þess að hún yrði tekin upp á sem flestum elliheimilum. Það er þó greinilega ekki einhlítt. Í Fréttablaðinu í gær segir Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara, að það slái hana illa að vínveitingaleyfi verði á kaffihúsinu á Hrafnistu. Hún telji ekki að breytingin verði til þess að eldra fólki líði vel. „Ég er nú bindindismanneskja í eðli mínu og finnst þetta dálítið furðulegt og skil þetta ekki almennilega,“ segir Jóna. Hún vísar til upplýsinga um að ofneyzla áfengis sé vaxandi vandamál hjá öldruðum.

Í þessum ummælum kristallast því miður tvær rótgrónar forsendur íslenzkrar áfengisstefnu, sem báðar eru byggðar á misskilningi. Annars vegar að vegna þess að sumir misnota áfengi eigi að leitast við að takmarka alla notkun á því, í stað þess að einbeita sér að misnotkuninni. Hins vegar að einstaklingurinn eigi bara tvo kosti í umgengni við áfengi: Að snerta það ekki, aldrei nokkurn tímann, eða verða áfengisbölinu að bráð.

Nú skulum við alls ekki gera lítið úr áfengisbölinu. Margir eru veikir fyrir víni og eiga að láta það vera. En hinir eru miklu fleiri, sem umgangast áfengi með ábyrgum hætti. Það á jafnt við um aldraða og annað fullorðið fólk. Það á að taka á vanda þeirra sem drekka of mikið, eins og gert er á dvalarheimilum aldraðra nú þegar, en leyfa hinum að njóta þess að neyta áfengra drykkja í hófi.

Það er rétt sem Erling Garðar Jónasson, formaður Samtaka aldraðra, segir í Fréttablaðinu í gær: „Við skulum heldur ekki gleyma því að fólk fer bara og nær í áfengi ef það vill það. Ef það kemst ekki sjálft þá sendir það leigubíl eftir því. Þá verður neyslan meiri og erfiðari og meiri leyndarhjúpur yfir henni.“

Þótt elliheimilin séu stofnanir eru þau – eins og nafnið gefur til kynna – heimili fólks. Og heima hjá sér vill fólk geta átt góða stund með vinum og ættingjum yfir vínglasi, eins og árþúsunda hefð er fyrir í menningu okkar. Það er líka miklu skemmtilegra að fá sér öllara á heimiliskaffihúsinu eða sunnan undir vegg á fallegum degi í góðum félagsskap en einn inni á herbergi.

Það að flytja á elliheimili á ekki að þýða að fólk sé dæmt til meinlætalifnaðar og að sætta sig við ofsoðna ýsu og þunnt spítalakaffi. Fólk á að halda áfram að njóta þess sem það er vant að njóta og hafa gaman af.

Og skál fyrir því.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

## krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is




**Uppáhalds æfing Víkingsstelpunnar Öldu Línar Auðunsdóttur er að halda bolta á lofti**

**Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Auka trúverðugleika?

Steingrímur J. Sigfússon skrifaði sem fjármálaráðherra greinaflokk undir heitinu „Landið tekur að rísa“ árið 2010. Þar talaði hann um árangur ríkisstjórnarinnar og sagði meðal annars – undir fyrirsögninni „Auka trúverðugleika“: „mikil áhersla [hefur] verið lögð á að svara því kalli um endurbætur og siðbót sem ómaði í samfélaginu í kjölfar hrunsins.“ Meðal þessara endurbóta voru lög sem kveða á um faglegar ráðningar í stöður dómara. Sagði Steingrímur að þar með hafi verið „bundinn endi á þá hefð að valdhafar skipi pólitíska vildarvini sína í þau embætti eins og alltof mörg dæmi eru um.“ En hvað með að ráða ráðuneytisstjóra án auglýsinga, eykur það trúverðugleikann?



### Spillingin

Nokkrum árum áður gerði Fréttablaðið könnun um það í hvaða flokki fólk teldi mesta spillingu. Sjálfstæðisflokkurinn mældist hæstur en VG lægstur. Þá sagðist Steingrímur telja „gerræðislegar ákvarðanir og pólitískar embættisveitingar“ spila nokkra rullu í því að fólk teldi Sjálfstæðisflokkinn spilltan.



### Píratapartýið

Hér var í gær kvartað undan nafngift hins nýja stjórnmálaflokks Píratapartýsins og forsvarsmenn flokksins hvattir til þess að finna nýtt og íslenskara nafn. Var blaðamanni í kjölfarið bent á Facebook-síðu Smára McCarthy sem er einn þeirra sem hafa unnið að stofnun flokksins. Gefum Smára orðið: „Það besta við að hafa nafnið „Píratapartýið“ er að það storkar málvitund þeirra sem vilja stjórna því hvernig fólk hugsar, en um leið er það ekkert öðruvísi en að hafa samtök á Íslandi sem heita nöfnum eins og „Amnesty International“.“ Þar höfum við það.

**magnusl@frettabladid.is-thorunn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Hvaða markmiði þjónaði samkeppnin um Ingólfstorg/Kvosina?

Skipulagsmál



Gunnlaugur Stefán Baldursson

arkitekt

Meginmarkmið samkeppni um Ingólfstorg/Kvosina var samkvæmt keppnisforsendum m.a.

„að leggja áherslu á – gæði hins manngerða umhverfis“

„að bera virðingu fyrir – arfleifð, staðaranda og menningarlegu umhverfi“ – „að frumhanna hótelbyggingu sem virðir sögulegt samhengi miðborgarinnar …“.

Sé niðurstaða samkeppninnar skoðuð, sér í lagi fyrstu verðlaun, mætti álíta að aðalmarkmiðið hafi verið að koma sem mestu byggingamagni fyrir á svæðinu.

Þar sem ýmsar tillögur gerðu ofanskráðum tilvitnunum viðunandi skil er erfitt að skilja valið í 1. verðlaun því að gallar tillögunnar og þversagnir eru augljósar:

1. Í umsögn dómnefndar segir að tillagan „sýni markvissa uppbyggingu án niðurrifs eða tilfærslu á gömlum húsum“. En það er til lítils þar sem stór nýbygging, sem fyllir svo til helming Ingólfstorgs, lokar alveg fyrir ásýnd húsanna frá torginu og að auki verður allt Vallarstræti í skugga.

2. Tillagan helmingar Ingólfstorg með nýbyggingu, sem ekki kemur til móts við það meginmarkmið „að bera virðingu fyrir staðaranda“.

3. Höfundar 1. verðlauna vísa til þess, að nýbyggingin á Ingólfstorgi sé „á grunni“ Hótels Íslands (Fréttablaðið 12.07.12). Fyrir u.þ.b. þrjátíu árum var gerð tillaga að verslunarmiðstöð á sama „grunni“, sem mjög var gagnrýnd, m.a. vegna þess að umgjörð Hótels Íslands á fyrri hluta 20. aldar var algjörlega ólík því umhverfi, sem var fyrir u.þ.b. þrjátíu árum. Þessi rök gilda nákvæmlega eins enn í dag.

> Styrkur svæðisins er sjónræn tengsl og flæði á milli einstakra útirýma.

4. Styrkur svæðisins er sjónræn tengsl og flæði á milli einstakra útirýma. Í stað þess að styrkja þessi tengsl eyðileggur verðlaunatillagan þau algjörlega.

Því leyfist að spyrja: Ef algjörlega er litið fram hjá ofangreindum tilvitnunum, hver voru markmið samkeppninnar?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Sannleikur í mallakút

Í DAG
Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur



Ögmundur Jónasson svaraði mér í Fréttablaðinu á mánudaginn. Við lestur þeirrar greinar kom upp í hugann hið enska orð „truthiness“ sem bandaríski grínspjallþáttarstjórnandinn Stephen Colbert gerði frægt fyrir nokkrum árum og þýtt hefur verið sem „sannleikni“. Í lauslegri skilgreiningu er sannleikni „það sem einhver veit innra með sér að sé satt, án tillits til sönnunargagna, raka, rýningar eða staðreynda“.

Í grein sinni segir Ögmundur: „Með fullri virðingu fyrir öllum þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á fjárhættuspilum og spilahegðun þá er það mín sannfæring að jafnvel vönduðustu rannsakendum hætti til að vanreikna útbreiðslu spilafíknarinnar. Þetta er tilfinning en ekki vissa.“

Vissulega getur meirihluti vísindamanna innan sömu greinar verið á villigötum. Það er allt í lagi að draga í efa niðurstöður rannsókna eða þær forsendur sem vísindamennirnir gefa sér. En slíkar ósannaðar gagntilgátur eru ekki rök í sjálfu sér. Og ef banna á póker á netinu vegna þess að ráðherra finnur í hjarta sér að vandamálið sé mikið, mun meira en rannsóknir benda til, þá er verið að leggja til lög sem hvíla á tilfinningu en ekki vissu.

En víkjum að öðru atriði í svari ráðherrans. Innanríkisráðherra hélt því fram nýlega, í inngangsorðum rannsóknar um umfang spilafíknar, að „milljarðar króna“ færu í fjárhættuspil á netinu. Á svipuðum tíma birti innanríkisráðuneytið áætlun sína um að talan væri 1,5 milljarðar svo með sambærilegri „áhættunámundun“ mætti einskorðuðust ekki við opinber greinarskrif. Ég sendi fyrirspurn um þetta í gegnum vef innanríkisráðuneytis um það leyti sem pistill minn „Þjóðin sem réð við spilafíkn sína“ birtist í mars síðastliðnum. Ég ítrekaði þá fyrirspurn stuttu síðar. Þremur vikum síðar, þegar ég hafði ekki fengið svar við spurningunum, sendi ég tölvupóst á einn aðstoðarmanna innanríkisráðherra til að forvitnast um afdrif þeirra. Ég sendi einnig fyrirspurnir á aðila

> Ef ráðherra notar tölur í rökstuðningi fyrir íþyngjandi löggjöf þarf hann að gera fullnægjandi grein fyrir því hvernig þær eru fengnar. Aðrir þurfa að geta sannreynt þær. Opinber rökstuðningur kallar á opinber gögn.

segja að 15 manns væru „tugir manna“. Hitt getur þó verið að ráðherrann hafi alls ekki byggt fullyrðingu sína um „milljarðana“ á þessari tölu, heldur hafi hann byggt hana á á tilfinningu, en ekki vissu.

Talan 1,5 milljarðar er kannski ekki ólíklegri en hver önnur en engu að síður er nauðsynlegt að vita hvernig hún er fengin. Það væri gott að vita hvað nákvæmlega sé verið að summa, yfir hve langt tímabil og svo framvegis. Tilraunir mínar til að komast að þessu í ráðuneytinu sem ætla mætti að hefðu fjárhættuspil á sinni könnu. Loks reyndi ég að hafa samband við Ögmund sjálfan í gegnum vef hans.

Nú kann að vera að veffyrirspurnir mínar hafi allar mistekist og tölvupóstarnir til ráðuneytisins liggi í ruslpóstssíum starfsmanna.

Það gæti verið ein skýring þess að ég hafði, þangað til grein Ögmundar birtist á mánudaginn, engin svör við þeim fengið. Þetta er raunar frekar óvenjulegt miðað við reynslu mína af ráðuneytunum hingað til, en við skulum ekki lesa í þann bolla frekar. Þótt svar Ögmundar Jónassonar seðji talnahungraða menn seint færir það okkur samt nær einhvers konar sannleika um það hvernig talan 1,5 milljarðar hafi verið fengin. Samkvæmt svarinu er um að ræða „áætlun kortafyrirtækjanna“.

Það segir eitt og sér fátt, því áfram vitum við ekki hvað er verið að summa, yfir hve langan tíma og hvernig. Ég hef nú sent innanríkisráðuneytinu formlegt erindi um aðgang að þeim skjölum frá kortafyrirtækjunum sem gáfu innanríkisráðuneytinu ástæðu til að ætla að Íslendingar eyddu 1,5 milljörðum í fjárhættuspil á netinu. Ég vonast að sjálfsögðu eftir skjótum og jákvæðum svörum. Ef ráðherra notar tölur í rökstuðningi fyrir íþyngjandi löggjöf þarf hann að gera fullnægjandi grein fyrir því hvernig þær eru fengnar. Aðrir þurfa að geta sannreynt þær. Opinber rökstuðningur kallar á opinber gögn.

Það er svo annað mál að vont er að banna fólki að eyða eigin peningum með þeim rökum að verið sé að spara gjaldeyri „þjóðarinnar“ eða með skírskotun í það að fólkið kynni, þótt ólíklegt sé, að eyða um efni fram.

En ef slíkum rökum á að beita er það lágmarkskrafa að þau hvíli á raunverulegum, opinberum gögnum. En ekki á tilfinningu ráðherra.

## AF NETINU

### Stikkfrí!

Hrunið afhjúpaði stétt manna sem töldu sig svo óbundna af samfélagslegum skyldum að hrikti í sjálfum undirstöðunum. Þeir mergsugu fjármálakerfið, fluttu eignir sínar í erlend skattaskjól og neyttu allra bragða til þess að skara eld að eigin köku, en komast hjá þegnskyldu sinni. Við eigum auk þess átaka langa sögu af ýmsum starfstéttum sem stunda svarta atvinnustarfsemi og undanskot frá skatti í umtalsverðum mæli. Við höfum og dæmi um heila atvinnugrein sem stendur í harðvítugu stríði gegn því að greiða samfélaginu sanngjarnan arð af nýtingu þjóðarauðlindar, en innir háar arðgreiðslur af hendi til sjálfrar sín í sama mund og tilkynnt er um fjöldauppsagnir.

http://blog.pressan.is
Ólína Þorvarðardóttir

### Atlaga að lýðræði

Það vekur athygli mína, hversu margir sjálfstæðismenn stíga fram undir nafni til að lýsa þeirri skoðun, að þeim finnist eðlilegt, að Alþingi hverfi hvort heldur fyrir handvömm eða hugvömm frá þjóðaratkvæðagreiðslu, sem þjóðinni hefur verið lofað.
Varðar þessa sjálfstæðismenn ekkert um þjóðfundinn, sem kallaður var saman að frumkvæði Alþingis til að leggja drög að nýrri stjórnarskrá? Varðar þá ekkert um starf stjórnlaganefndar, sem var skipuð sjö fulltrúum Alþingis og skilaði prýðilegri 700 blaðsíðna skýrslu í hendur Stjórnlagaráðs?

http://www.dv.is/blogg
Þorvaldur Gylfason

# Henning Mankell og nýlendur

Viðskipti
Marjatta Ísberg
hugverkakona



„Það var snemma morguns, mánuði eftir komuna frá Afríku. Á borðinu fyrir framan hann voru teikningar af húsinu sem hann hafði ákveðið að byggja við ströndina fyrir utan Quelimane í Mósambík. Sem aukagreiðslu fyrir samninginn á milli landanna hafði Ya Ru fengið ósnortið strandsvæði á góðu verði. Með tímanum hafði hann hugsað sér að byggja glæsilega kínverskra auðmanna og allt er látið líta út eins og Kínverjar séu velgjörðarmenn Afríkumanna.

Við lestur bókarinnar gat maður ekki komist hjá því að hugsa um mál Grímsstaða sem mikið hefur verið í fjölmiðlum hér. Hjá okkur eru það ekki héraðshöfðingjarnir sjálfir sem fá fjárhagslegan ávinning af fyrirhuguðum viðskiptum í eigin vasa, en einhvern veginn læðist að manni grunur um að þeir séu allt of auðtrúa.

Í bókinni segir einnig: „Fylgdu slóð peninganna, þá kemstu að sannleikanum.“ Í öllu þessu máli finnst mér einhvern veginn að íslenskir hér-

> Viljum við verða nýlenda Kína, það er spurning sem einhverjir eru ef til vill að hugleiða þessa dagana, þeir sem ekki hafa blindast af dollaraskini.

ferðamannaaðstöðu fyrir vel stæða Kínverja sem í auknum mæli færu að ferðast um heiminn.“

Þessar setningar eru teknar úr bók Hennings Mankell sem í íslenskri þýðingu Þórdísar Gísladóttur heitir Kínverjinn (bls. 426). Þegar ég fékk bókina í hendur hélt ég að hún væri spennubók en svo reyndist vera aðeins að hluta. Í raun var hún pólítísk ádeila sem sveipuð var hulíðshjálmi spennubókar. Enda er slík framsetning vænlegri til að ná til stærri lesendahóps en ef um hreinræktaðan áróður væri að ræða.

Mikill hluti textans fjallar um ásókn Kínverja í jarðnæði í Afríku og þá tilhneigingu heimamanna að láta freistast af stundargróða. Héraðshöfðingjar gleypa við gylliboðum aðshöfðingjar hafi stoppað til að tína klinkið sem hefur dottið úr vasa miljarðamæringa við stíginn í staðinn fyrir að rekja peningaslóðina alla leið.

Í bók Mankells er Hong, systir eins þeirra sem er í jarðarkaupum í Afríku, látin standa fyrir gömlu gildin. Hún spyr sjálfa sig: „Hvað er það sem ég veit ekki? Hvað liggur að baki þessu öllu [...] Ég held að við séum bara að feta leiðina sem heimsvaldasinnarnir hafa alltaf fetað. Nýlendurnar í þumalskrúfu, við hirðum gróðann.“ (bls. 420)

Viljum við verða nýlenda Kína, það er spurning sem einhverjir eru ef til vill að hugleiða þessa dagana, þeir sem ekki hafa blindast af dollaraskini. Hvað er það sem við hér á Íslandi vitum ekki? Hvað liggur að baki öllu þessu?



# Skattar á erlenda ferðamenn

Ferðaþjónusta
Jón Ásbergsson
framkvæmdastjóri Íslandsstofu



Að undanförnu hafa farið fram líflegar umræður um hvernig fjármagna eigi ýmsar framkvæmdir sem óhjákvæmilegar eru vegna vaxandi fjölda erlendra gesta sem vilja sækja land okkar heim. Oft er rætt um að leggja þurfi viðbótarskatta á erlenda ferðamenn til að standa undir kostnaði við þessi verkefni. Vill þá stundum gleymast að ferðamennirnir greiða nú þegar hér mikla skatta og fá takmarkaða þjónustu fyrir. Í raun hagnast „hið opinbera“ mest á fjölgun erlendra ferðamanna og ætti því að telja það eðlilegt að verja hluta af „viðbótargróða“ sínum til að fjárfesta í þessum verkefnum.

Í nýlegum ferðaþjónustureikningum Hagstofunnar 2009-2011 má lesa sér margt til fróðleiks um umsvif ferðaþjónustunnar í íslenska hagkerfinu. Í grófum dráttum leit árið 2009 t.d. svona út:

**Umsvif ferðaþjónustunnar í milljónum króna árið 2009**

| | |
|---|---|
| Neysla erlendra gesta á Íslandi | 111.316 |
| Neysla innlendra túrista á Íslandi | 72.354 |
| Neysla erlendra túrista utanlands | 46.296 |
| Framboð ferðaþjónustu alls | 229.966 |
| Framleiðsluvirði ferðaþjónustu | 200.284 |
| Vörukaup smásölunnar | 16.294 |
| Skattar | 13.389 |
| Samtals: | 229.966 |

Neysla erlendra ferðamanna utan Íslands er velta fyrirtækja sem eru skráð á Íslandi en með rekstur erlendis. Dæmin eru leiguflug fyrir erlenda aðila, Primera Air o.s.frv.

Af þessum tölum má ráða að skattar til hins opinbera séu ekki minni en 5,8% af heildarumsvifum íslenskrar ferðaþjónustu að meðtöldum umsvifum fyrirtækjanna erlendis. Samkvæmt ferðaþjónustureikningunum skilar hver nýr ferðamaður núna um 230.000 krónum inn í hagkerfið í erlendum gjaldeyri. Þar af eru samkvæmt ofangreindu

> Samkvæmt ferðaþjónustureikningunum skilar hver nýr ferðamaður núna um 230.000 krónum...

a.m.k. 13.340 krónur skattar til hins opinbera. Ferðamönnum um Leifsstöð fjölgaði um 80.000 milli áranna 2010 og 2011 eða um 17,8%. Þessi aukning hefur því væntanlega skilað að lágmarki um 1,1 milljarði króna aukalega í ríkiskassann.

Er ekki kominn tími til að samstaða verði um að ferðaþjónustan njóti þessara umframskatttekna með því að þeim verði varið í fjárfestingar í hennar þágu, t.d. uppbyggingu fjölsóttra ferðamannastaða, ýmiss konar rannsóknir í þágu ferðaþjónustunnar, uppbyggingu á nýjum „seglum“ sem víðast um landið auk þátttöku í markaðs- og kynningarverkefnum á borð við „Ísland allt árið“. Þessar viðbótarskatttekjur verða ekki til nema að ferðamönnum fjölgi og þeim fjölgar ekki nema að við getum tekið á móti þeim með sóma og án þess að ganga frekar á gæði okkar stórkostlega lands.

# Fílar í fólksvagni miðbæjarins

Skipulagsmál
Pétur H. Ármannsson
arkitekt



Kallað hefur verið eftir málefnalegum skoðanaskiptum um niðurstöðu nýafstaðinnar hugmyndasamkeppni um uppbyggingu við Ingólfstorg. Mikilvægt er að sú umræða einskorðist ekki við kosti og galla verðlaunatillagna heldur taki einnig til forsendna sjálfrar samkeppninnar og orsaka þess vanda sem henni var ætlað að leysa.

Reiturinn sem um ræðir er einn sá mikilvægasti í elsta hluta miðbæjarins. Uppbygging innan hans hefur áhrif á ásýnd þriggja torga og götumyndir tveggja af elstu götum Reykjavíkur. Um 1987 var samþykkt deiliskipulag fyrir reitinn (hluti svonefnds Kvosarskipulags) sem enn er í gildi. Samkvæmt því eiga öll timburhúsin fjögur sem nú standa sunnan Vallarstrætis að víkja fyrir nýbyggingum með líku sniði og húsin beggja vegna Morgunblaðshússins. Eftir að skipulagið var staðfest hafa ýmsar forsendur breyst sem og afstaða fólks til sögulegra verðmæta. Í húsverndarstefnu Reykjavíkurborgar frá 1996 var lagt til að timburhúsin sem nú mynda umgjörð Ingólfstorgs á þrjá vegu yrðu varðveitt sem samfelld heild vegna ótvíræðs umhverfisgildis.

Kvennaskólinn við Austurvöll (framhluti Nasa) hefur verið friðaður og áhugafólk hefur fært rök fyrir menningargildi salarins aftan við. Gömul hús við Aðalstræti og Kirkjustræti hafa verið endurgerð af metnaði og talsverðu til kostað að bæta umhverfið. Þrátt fyrir þetta hafa ákvæði skipulagsins frá 1987 ekki breyst og réttur til uppbyggingar er enn í fullu gildi. Gerðar voru tillögur þar sem reynt var að sætta uppbyggingarhagsmuni lóðareiganda og varðveislusjónarmið, m.a. með flutningi tveggja timburhúsa við Vallarstræti inn á torgið. Um þær náðist ekki sátt og var þeim vísað frá í aðdraganda síðustu kosninga eftir kröfu mótmæli.

Í erfiðri stöðu ákváðu skipulagsyfirvöld í október sl. að efna til samkeppni í samvinnu við lóðareiganda í þeirri von að snjöll tillaga gæti orðið grunnur að heildstæðri framtíðarlausn fyrir skipulag svæðisins. Forsendan var mótsagnakennd, sú að öll gömlu húsin innan reitsins ættu að standa en eftir sem áður ætti að koma fyrir því nýbyggingamagni sem átti að koma í þeirra stað samkvæmt Kvosarskipulagi. Í stað þess að verða sú frjóa og skapandi leit að framtíðarsýn um fegurri borgarmynd sem væntingar stóðu til varð tillögugerðin að vonlausri glímu við illleysanlegt viðfangsefni. Byggingamagnið sem farið var fram á var einfaldlega meira en svo að hægt væri að koma því fyrir án þess að spilla viðkvæmu og söguríku umhverfi þar sem gildi byggðarinnar felst öðru fremur í smágerðum mælikvarða.

Þetta grunaði ýmsa sem lásu skilmála keppninnar og ákváðu að taka ekki þátt. Illu heilli hefur niðurstaða keppninnar staðfest þær efasemdir. Samkeppnislausnir verða aldrei betri en þær forsendur sem tillögugerðin byggir á. Jafnvel bestu arkitektar heims geta ekki galdrað fíla inn í fólksvagn eða óhóflegt byggingamagn inn í viðkvæmt umhverfi svo vel fari. Ekki frekar en að meistarakokkar geti eldað boðlega máltíð úr skemmdu hráefni.

Vandinn sem við blasir í þessu tilviki og öðrum hliðstæðum verður ekki leystur á forsendum skipulags og byggingarlistar nema að áður sé tekið á stjórnsýslu- og lögfræðilegum þætti málsins. Hér á landi hefur tíðkast að úthluta byggingarrétti á grundvelli staðfests deiliskipulags án eðlilegra fyrirvara um rétt sveitarfélags til að endurskoða skipulagið eftir tiltekinn árafjölda án þess að slíkt kalli á skaðabætur. Í dag er byggingarréttur gjafakóti, ævarandi eign lóðarhafa og sem slíkur varinn af eignarréttarákvæðum stjórnarskrár. Sá er skilningur lögfróðra enda þótt að dómur hafi aldrei fallið í máli af þessu tagi svo greinarhöfundi sé kunnugt um. Sveitarfélög hafa því fá úrræði til að vinda ofan af óheppilegum skipulagsákvörðunum fortíðar nema að greiða hlutaðeigandi fébætur.

Það á að vera forgangsverkefni stjórnenda Reykjavíkurborgar að endurskoða strax samningsskilmála um úthlutun byggingarréttar með það í huga að hann verði tímabundinn og með fyrirvara um rétt til endurskoðunar skipulags án fébóta. Ekki síst er þetta mikilvægt í ljósi stefnu um mikla þéttingu byggðar vestan Elliðaáa sem boðuð er í drögum að endurskoðuðu Aðalskipulagi Reykjavíkur. Þegar búið er að stöðva frekari útbreiðslu vandans með breyttum skilmálum er næsta verkefni að finna leiðir til að vinda ofan af vandamálum fortíðar. Það þarf að gera á forsendum gildandi laga um eignarrétt sem ekki verður breytt afturvirkt.

Ein leið og sú augljósasta felst í samkomulagi um tilfærslu byggingarréttar milli lóða (e: Transfer of Development Rights (TDR)), úrræði sem fyrst var þróað í New York árið 1916 í tengslum við setningu reglna um takmörkun á uppbyggingarrétti vegna almannahagsmuna. Með slíkt stjórntæki í höndum eru borgaryfirvöld í sterkari stöðu til að leysa hagsmunadeilur á borð við skipulagið við Ingólfstorg með almannaheill og gæði umhverfis að leiðarljósi.

# Bláskógabyggð, sorpflokkun og sveitasæla

Umhverfismál
Drífa Kristjánsdóttir
oddviti Bláskógabyggðar



Við íbúar Bláskógabyggðar erum afar stolt af því að hafa tekið forystu meðal sveitarfélaga og hvatt til flokkunar á sorpi. Það gerðum við fyrir rúmum tveimur árum. Umhverfismál eru mikilvæg og við vildum sýna ábyrgð, flokka sorpið og minnka urðun. Í sorpi eru líka mikil verðmæti og því er mikilvægt að minnka urðun og auka endurnýtingu.

Breytingarnar fólust í því að settar voru flokkunartunnur hjá öllum íbúum og fyrirtækjum í Bláskógabyggð. Gjaldtakan hækkaði umtalsvert enda dýrt að láta sækja sorp á alla bæi og í íbúðarhúsum í þremur þéttbýlum. Ákveðið var að hlífa eigendum sumarhúsa við hækkunum og við ekki settar reglur á þá um hvernig æetti að hirða sorp þeirra. Sumarhúsafélögum og eigendum sumarhúsa var kynnt að þau gætu samið beint við þjónustuaðilann, Gámaþjónustuna. Þannig gat hvert sumarhúsasvæði (og getur enn) ákveðið hvernig það vill láta sinna hirðingu sorpsins. Sum félög hafa fengið gáma til sín, önnur hafa ákveðið að hver og einn komi sínu sorpi á gámastöðvarnar. Í sumum hverfum er fólk mikið í húsum sínum en í öðrum er minni viðvera. Þannig henta mismunandi lausnir í sumarhúsahverfunum.

Langflestir eru afar ánægðir með núverandi fyrirkomulag, sorp hefur minnkað mikið og vitund fólks er að verða mjög mikil fyrir mikilvægi flokkunar sorps. Einhverjir eru þó enn óhressir. Þeir vilja ekki flokka sorpið og vilja bara halda öllu óbreyttu, henda í gáma sem næst sér og sleppa flokkuninni. Formaður Landssambands sumarhúsaeigenda, Sveinn Guðmundsson, er einn þeirra. Hann hefur staðið vörð um að engar breytingar megi eiga sér stað í sorpmálum Bláskógabyggðar og er einarður í að berjast gegn breytingunum. Hann hefur kært og fengið úrskurð en slær höfðinu við steininn og virðist ekki skilja úrskurðinn. Bláskógabyggð lagfærði það sem aflaga fór í breytingarferlinu og opnaði gámasvæðin fyrir heimilissorpi allan sólarhringinn. Fór þannig eftir úrskurðarnefndinni um „að sorpílát skuli vera þannig að hentugt sé að losa í þau á leið frá hverfinu.“

Sveinn ræðir daun og ólykt og þá velti ég því fyrir mér hvort hann þekki ekki til staðhátta. Á Þingvöllum er sól og sæla, gleði og góð lykt, líka í Laugardalnum og í Biskupstungum og einnig á hálendinu á Kili. Bláskógabyggð öll ilmar af yndislegum gróðri og góðu veðri.

Sorpflokkunin hefur orðið til þess að margir sumarhúsaeigendur og íbúar setja lífræna sorpið í moltukassa sem nýtist þeim seinna t.d. í matjurtagarða. Það er mjög jákvætt og lyktin góð. Ef lífrænt sorp er ekki í öðru sorpi þá er engin lykt. Þetta vita þeir sem eru umhverfissinnar og flokka sitt sorp.

Ég er oft mjög hissa á málflutningi Sveins formanns. Hann er oftar en ekki neikvæður og gegn sveitarfélögunum. Ég bendi honum á að vera frekar í samstarfi við sveitarfélögin og horfa á allar hliðar mála. Eigendur sumarhúsa eru oftast ánægðir með sína sumarhúsabyggð og vilja tengjast menningu og lífi samfélagsins. Það er erfitt ef fólk er neikvætt og sér bara neikvæðu hliðarnar á öllum málum. Látum jákvæðni verða leiðarljósið, ekki úrtölur og neikvæðni.

# Þörf er á skipulagsbreytingu í heilsugæslu

Heilbrigðismál
Eyjólfur Guðmundsson
heilsugæslulæknir



Fjöldi einstaklinga á Stór-Reykjavíkursvæðinu hefur engan fastan heimilislækni og fer því á mis við lögboðna grunnþjónustu í heilbrigðiskerfinu. Allir fastráðnir heimilislæknar eru með fullskráð samlög en auk þess eiga sömu læknar að sinna einstaklingum í umdæmum heilsugæslustöðvanna sem eru án heimilislæknis.

Álag og starfsaðstaða heimilislækna er því óboðleg sem hefur endurspeglast í uppsögnum og ekki fást lengur sérfræðingar í heimilislækningum til starfa í auglýstar stöður. Bið eftir tíma hjá heimilislækni er óásættanlega langur en rétt er að taka fram að þjónustu Læknavaktarinnar er ekki hægt að bera saman við alhliða starfsemi heilsugæslustöðva.

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður sjúklinga í heilbrigðiskerfinu, en veikburða heilsugæsla dregur úr þjónustustýringu og er því kostnaðarsöm fyrir samfélagið. Mikilvægi heilsugæslu liggur í góðri yfirsýn yfir heilsufar sjúklinga sem auðveldar forvarnir, greiningu og meðferð langvinnra sjúkdóma, einkum lífsstílssjúkdóma en þess misskilnings gætir oft og ekki síst meðal ráðamanna að heilsugæslan sinni minniháttar veikindum hjá annars frísku fólki. Rannsóknir hafa sýnt að heilsugæsla mönnuð sérfræðingum í heimilislækningum getur leyst úr vanda allt að 90% þeirra sem til hennar leita og er því aðeins í undantekningartilfellum þörf á dýrari sérfræði- eða sjúkrahúsþjónustu.

Til að auðvelda þjónustustýringu innan heilbrigðiskerfisins þurfa stjórnvöld með markvissari hætti að gera heilsugæsluna að fyrsta viðkomustað sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Hingað til hafa stjórnvöld ekki beitt sér með skipulegum hætti til að svo geti orðið. Taka verður pólitíska ákvörðun um að efla heilsugæsluna en um það er reyndar ákvæði í núverandi stjórnarsáttmála.

Undanfarið hefur borið á því að sjúklingar leiti á bráðamóttökur sjúkrahúsanna vegna oft á tíðum minniháttar veikinda. Af þessum vanda dró velferðarráðherra alrangar ályktanir í nýlegu viðtali og viðraði óraunhæfar hugmyndir um að auka enn frekar afköst heilsugæslunnar en þar fá sjúklingar ekki afgreiðslu eins og lækningaforstjóri benti réttilega á vegna læknaskorts.

Heilsugæslan þarf án tafar skipulagsbreytingar sem norræna velferðarstjórnin og velferðarráðuneytið og á að hafa frumkvæði að. Skapa þarf öryggi og samfellu í heilbrigðisþjónustu með því að gera öllum landsmönnum kleift að skrá sig hjá heimilislækni og tryggja um leið jafnan rétt þegnanna til persónulegrar læknisþjónustu. Vel starfandi heilsugæsla er gríðarlega mikilvæg til að skapa jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag, fötlun eða félagslegri stöðu og er því grunnurinn að markvissri lýðheilsu.

Í byrjun árs 2010 var tekið upp í Svíþjóð fyrirkomulag í heilbrigðisþjónustu sem nefnt hefur verið þjónustuval eða „vårdval“ en markmiðið er að tryggja sjúklingum öryggi og samfellu í heilbrigðisþjónustu. Einstaklingum er nú frjálst að velja sér heimilislækni en það er á ábyrgð stjórnvalda að skipuleggja þjónustuna og sjá til þess að slíkt val sé mögulegt. Í fyrirkomulaginu felst að ríkið greiðir fyrir þjónustu heilsugæslu óháð rekstrarformi en rekstrarfé fylgir notanda þjónustunnar. Fjölbreytni í rekstrarformum í heilsugæslu eykur áhuga lækna á heimilislækningum og skapar um leið eðlilegri starfsskilyrði og samkeppnisstöðu gagnvart öðrum þjónustustigum innan heilbrigðiskerfisins. Einnig er í Svíþjóð starfrækt öflug símaráðgjöf á landsvísu allan sólarhringinn mönnuð fagfólki sem leiðbeinir um þjónustu ef veikindi koma upp. Slíka símaþjónustu vantar sárlega á Íslandi. Af reynslu minni í starfi heimilislæknis bæði í Svíþjóð og á Íslandi get ég staðfest að starfsaðstaða er betri og skipulag heilsugæslu markvissara í Svíþjóð.

Af hverju vefst fyrir stjórnmálamönnum á Íslandi að byggja upp heilsugæsluna? Ekki vefst fyrir þeim að samþykkja milljarða í hátæknisjúkrahús. Einungis brot af kostnaði við hátæknisjúkrahús færi í að koma heilsugæslunni á réttan kjöl og arður fjárfestingarinnar yrði ríkulegur.

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




**VISSIR ÞÚ?**
**...að jarðarber voru fyrst ræktuð í Róm til forna, að þau voru notuð sem lækningajurt á 13. öld, að í Belgíu er sérstakt safn tileinkað jarðarberjum og að þau eru full af C-vítamíni og andoxunarefnum?**


## MIKIÐ ÚRVAL BRÚÐARGJAFA



*Sérstök brúðkaupsgjöf*

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu
með nöfnum sínum
og brúðkaupsdegi ísaumuðum.






Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir.

Gildir um KitchenAid hrærivélar.

KitchenAid
FOR THE WAY IT´S MADE

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is





# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Sjónvarpskokkurinn Kristján Hlöðversson í þáttunum Eldað með Holta á ÍNN gefur kjúklingauppskriftir alla föstudaga. Hér er hann með grillaðar pitsur með kjúklingi, klettasalati, parmesan og mozzarella-osti.*

Matreiðslumaðurinn Kristján Þór Hlöðversson sér um þáttinn Eldað með Holta á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þar matreiðir hann skemmtilega og litríka kjúklingarétti úr Holtakjúklingi frá Reykjagarði. Næstu föstudaga mun hann bæta um betur með uppskriftum hér á forsíðu Fólks.

Í dag er hann með uppskrift að grilluðum níu tommu pitsum með kjúklingabringum, parmesan og mozzarella-osti, klettasalati og grænum ólífum. Það er fljótlegt og þægilegt að grilla pitsur og sömuleiðis góð leið til að brjótast út úr eldhúsinu og út í garð. Hægt er að fylgjast með Kristjáni matreiða þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir eru endursýndir yfir helgina en einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, www.inntv.is.



## GRILLAÐAR PITSUR MEÐ KJÚKLINGI

**GRILLAÐAR PITSUR**
**4 forbakaðir 9 tommu eldbakaðir pitsubotnar**
**4 Holta kjúklingabringur**
**1 poki af litlum mozzarella-kúlum**
**1 parmesan ostur**
**1 poki klettasalat**
**1 krukka af grænum ólífum**
**basilíkusósa frá Barilla**
**Barbecue-krydd frá Mc Cormic**

**AÐFERÐ**
**Setjið sósu, ólífur og mozzarella-kúlur á botninn og rífið parmesanost yfir. Bakið pitsurnar á grillpönnu á grillinu. Þegar þær eru nær fullbakaðar og osturinn bráðnaður er gott að setja pitsurnar beint á grillið í smá stund. Með þessu fær botninn eldbökunarskorpu.**

**BRINGURNAR**
**Kryddið kjúklingabringurnar með barbecue-kryddinu. Látið standa í um 20 mínútur. Steikið bringurnar á pönnu og skerið niður í litla bita. Dreifið bitunum jafnt á pitsurnar ásamt klettasalati og rifnum parmesan. Hellið hvítlauks- og chili-olíu yfir.**


Sumar tilboð
NINGS

- Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
- Wok steiktar eggjanúðlur með karrý og grænmeti
- Kjúklingur og grænmeti Kung Pao
- Stökkt svínakjöt og grænmeti orange
- Jasmín hrísgrjón og soyasósa.

3790 krónur fyrir tvo
1895 krónur á mann
Tilboðið er eingöngu fyrir 2 eða fleiri

Vertu vinur okkar á facebook.
Drögum út 20 vinningshafa í sumar á facebook, vertu með.

2 l. af Pepsi eða Pepsi Max á
99 krónur
þegar þú kaupir Sumartilboð Nings

Nings-ís kókós eða mangó
149 krónur
í allt sumar




Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899 • www.nings.is

# FÓR AÐ MÁLA 67 ÁRA

**NÝR KAFLI Í LÍFINU** *Tíminn er myndlistarkonunni Hönnu Pálsdóttur hugleikinn en hún hóf myndlistarnám árið sem hún fór á eftirlaun. Hún opnar sumarsýningu með 30 olíumálverkum á Skálholtshátíð sem stendur nú sem hæst.*

Skálholtshátíð hófst í gær og stendur fram yfir helgi. Þar verður fjölbreytt skemmti- og fræðsludagskrá með miðaldaívafi. Fjölmargir listviðburðir eru á dagskrá, þar á meðal myndlistarsýning Hönnu Pálsdóttur, Hin óræða eilífð, sem verður í Skálholtsskóla. Þar gefur að líta þrjátíu olíumálverk sem Hanna hefur valið með hjálp sýningarstjórans Bjarna Sigurbjörnssonar.

Hanna, sem er 79 ára, hóf myndlistarnám árið 2000, eða 67 ára gömul og hefur haldið fjölda einka- og samsýninga síðan. „Ég vann í Búnaðarbankanum í 38 ár og hafði mikla ánægju af. Þegar ég fór á eftirlaun hélt ég að lífið væri bara búið en það var öðru nær og við tók nýr kafli,“ segir Hanna, sem er með vinnustofu að Auðbrekku 6. „Mér líður eins og 25 ára og vona að þannig verði það sem lengst.“ Hanna segist alltaf hafa haft yndi af myndlist. „Mér hafði þó ekki dottið í hug að ég gæti málað sjálf en með hjálp góðra kennara og mikilli hvatningu er þetta orðið að fullu starfi,“ segir Hanna. Hún byrjaði í grunnnámi í Myndlistaskólanum í Reykjavík og hefur síðan fikrað sig áfram menntaveginn. Hún málar nær eingöngu olíumálverk og yfirleitt óhlutbundnar myndir.

„Eilífðin, eða réttara sagt tíminn, er mér mjög hugleikin. Ég hef leikið mér með spíralinn sem tákn hins óendanlega og hafa margar af myndunum mínum þróast út frá því.“

Sýningin stendur opin frá 9 til 21 sumarið á enda. ■ **vera@365.is**



**UNG Í ANDA** Hanna hefur alltaf haft yndi af myndlist og ákvað að leggja hana fyrir sig þegar ævistarfinu lauk.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**









FÖSTUDAGUR 20. JÚLÍ 2012

# ÞJÓÐHÁTÍÐ Í EYJUM

**Kynningarblað** Sagan, þjóðhátíðarlagið, Ronan Keating, Greifarnir, Eins og jólin, með gítarinn í útilegu.



# Greifar uppi á palli í 25 ár

Í aldarfjórðung hafa **Greifarnir** skemmt landsmönnum. Hljómsveitin hefur þrisvar sinnum spilað á Þjóðhátíð og útilokar ekki endurkomu sína þangað. Hljómsveitin samdi þjóðhátíðarlagið 1996.

Greifarnir frá Húsavík eru með lífseigari hljómsveitum landsins. Hljómsveitin hefur spilað þrisvar sinnum á Þjóðhátíð í Eyjum, fyrst fyrir 25 árum.

Sveinbjörn Grétarsson, gítarleikari og aðallagahöfundur sveitarinnar, segir alltaf eftirminnilegt að spila á Þjóðhátíð, enda mikið í hátíðina lagt og stemningin einstök. „Greifarnir spiluðu í fyrsta sinn á Þjóðhátíð árið 1987. Árið áður höfðum við unnið Músíktilraunir og gefið út okkar fyrstu plötu sem naut mikilla vinsælda. Við vorum búnir að bóka okkur í Galtalæk um verslunarmannahelgina en vildum eðlilega frekar vera á Þjóðhátíð enda var lagið Útihátíð vinsælasta lag landsins á þeim tíma.“



Ofursvalir og vel greiddir Greifar fyrir fyrstu Þjóðhátíð sína árið 1987. Sveinbjörn er lengst til hægri. MYND/ÚR EINKASAFNI

### Stress á fyrsta kvöldi

Sveinbjörn segir þessa fyrstu Þjóðhátíð hafa bæði einkennst af stressi og miklum spenningi. „Við vorum stressaðir yfir því að standa okkur ekki nógu vel. Við spiluðum öll kvöldin ásamt hljómsveit Magnúsar Kjartanssonar. Í þá daga var ekki verið að ráða margar hljómsveitir og því töluvert álag á okkur. Við spiluðum í sex klukkutíma á hverju kvöldi og komumst eðlilega ekki hjá því að taka sömu lögin nokkrum sinnum.“

Ári síðar voru Greifarnir mættir aftur á stóra sviðið í Herjólfsdal en nú án Felix Bergssonar söngvara sem hafði snúið sér að leiklistarnámi. Greifarnir voru eina hljómsveitin á stóra sviðinu þetta árið og því þótti þeim rétt að styrkja sig með nokkrum gestasöngvurum. Ekki ómerkari menn en Björgvin Halldórsson, Bergþór Pálsson óperusöngvari og Þórarinn Ólason úr sveitinni Dans á rósum sungu með Greifunum um Þjóðhátíðina.

### Frábærir gestasöngvarar

„Það var auðvitað mjög spennandi að fá tækifæri til að spila undir hjá Björgvin Halldórssyni. Þórarinn tók síðan mörg lög með okkur enda frábær söngvari. Bergþór Pálsson sýndi svo alveg nýja hlið á sér þessa helgi. Hann söng aríur fyrir gesti um daginn en rokk með okkur um kvöldið. Ég man sérstaklega eftir að hann söng lagið Mony Mony með Billy Idol með miklum tilþrifum. Hann var æstur í að túra með okkur um sumarið þannig að hann hefur greinilega skemmt sér vel.“

### Sömdu þjóðhátíðarlag

Greifarnir spiluðu síðast á Þjóðhátíð árið 1996 en sama ár sömdu þeir þjóðhátíðarlagið. Sveinbjörn segir það sérkennilega tilhugsun hversu langt er liðið síðan. „Margir Eyjamenn hafa haft samband undanfarin ár og hvatt okkur til að koma aftur. Við viljum það gjarnan en það hefur ekki gengið hingað til, hvað sem síðar verður.“

### Alltaf sérstakt

Þjóðhátíð í Eyjum er alltaf sérstök upplifum segir Sveinbjörn. „Það er svo mikið lagt í hátíðina. Svakaleg flugeldasýning, risastór brenna og frábær umgjörð í alla staði. Núna er líka komið alvöru svið en við spiluðum á einhverju gámarusli í gamla daga. Ef það til dæmis kom rigning þá rigndi bara hressilega á okkur alla nema trommuleikarann því þakið náði ekki lengra.“

# Þjóðhátíðin eins og jólin í Eyjum

**„MENN** átta sig kannski ekki alveg á því að þetta er fólk sem þarf líka að fá að hvíla sig,“ sagði Margrét. „Því miður virðist þetta vera að leggjast af, að fólki fái frið og ég held að það sé til að mynda auðveldara fyrir þessa aðila að hverfa inni í fjöldann í London.“

London já, bækistöðvar aðgangshörðustu slúðurpressu í heimi sem hlerar viðfangsefni sín. Eina stjarnan sem er látin í friði í London er Amy Winehouse.

**ÞAÐ** má margt segja um frægðarmenninguna sem tröllriðið hefur heiminum með sinni yfirborðsmennsku og prjáli. En Ísland er ekkert undanskilið. Að ætla að við séum svo svöl og veraldarvön að kippa okkur ekkert upp við nærveru manneskju sem hálf heimsbyggðin kann deili á er kjánalegt. Nú er ég ekki að mæla því bót að taka myndir af óafvitandi fólki að borða mat. Mamma hefur þann ósið að alltaf þegar stórfjölskyldan er samankomin við matarborðið nær hún í myndavél. Þetta eru óþægilegar aðstæður til að láta mynda sig í, enginn lítur vel út með fullan munninn af kartöflusalati.

**EN EF** þetta er allt áreitið sem stjörnurnar þurfa að þola á Íslandi prísa þær sig væntanlega sælar. Þetta er minna bögg en íslensk „frægðarmenni“ þurfa að þola: Ásgeir Kolbeins gat ekki farið út úr húsi án þess að það birtist af því mynd á Flick My Life; Ari Eldjárn getur líklega ekki farið á barinn án þess að vera beðinn að segja eitthvað fyndið og ég þori að veðja að Sveppi sé truflaður meira á einum klukkutíma í sundi en Russel Crowe á einni viku í Reykjavík. Ef við ætlum að slá skjaldborg um stjörnurnar legg ég til að við byrjum á þessum íslensku.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Nikon
*At the heart of the image*

# I AM YOUR SUMMER DEAL

## D3200

**Verð frá 139.995.-**






Ný hágæða stafræn SLR myndavél með 24.2 Megapixla C-MOS myndflögu og 18-55VR linsu með hristivörn. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í háskerpu (1920x1080p). 11 punkta sjálfvirkt fókus kerfi, hátt ljósnæmi ISO (100-6400) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3" háskerpu skjá.

**Sumarpakki frá Nikon í kaupbæti:** Kælitaska fyrir sex gosdósir, svifdiskur, strandbolti, spilastokkur að virði 5.995.-

## COOLPIX

**Verð 24.995.-**






**COOLPIX S3300 – Litrík sýn á þína veröld.** Nett og meðfærileg myndavél með 16 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 6x optískum aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 8 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**Sumarpakki frá Nikon í kaupbæti:** Kælihulstur fyrir gosdós, farsímavasi fyrir ströndina, spilastokkur að virði 2.495.-

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

Nikon School D-SLR Intro – 2.5 klst kynningarnámskeið ásamt Check & Clean í 3 ár fylgir með D3200 að verðmæti 25.000.-

Nikon SCHOOL INTRO

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Framköllunarþjónustan – Borgarnesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.

# Skrímslin, Nemó og Viddi aftur á tjaldið?

Sögur herma að framhaldsmynd um fiskinn vinalega hann Nemó sé væntanleg á hvíta tjaldið innan skamms. Samkvæmt fréttamiðlinum Telegraph hefur leikstjórinn Andrew Stanton verið fenginn til að leikstýra ævintýrinu öðru sinni en hann leikstýrði einnig fyrri myndinni, Finding Nemo, sem kom út árið 2003. Sú mynd halaði inn um 200 milljarða króna auk þess sem hún vann til Óskarsverðlauna. Þá er einnig verið að vinna í þrívíddarútgáfu af Finding Nemo og kemur sú mynd út á undan framhaldsmyndinni.

Nemó er þó ekki eini gamli vinurinn sem aðdáendur teiknimynda geta látið sig hlakka til að endurnýja kynnin við, því leikarinn Tom Hanks, sem talar fyrir kúrekann Vidda í Toy Story-myndunum, hefur látið hafa eftir sér að fjórða myndin um Vidda, Bósa og félaga í Toy Story sé einnig væntanleg.

Hvorugur teiknimyndarisanna, Disney og Pixar, hafa viljað staðfesta orðróminn. Pixar-menn hafa þó staðfest að teiknimyndin Monsters University komi í bíóhús þann 21. júní 2013, en hún er framhald af teiknimyndinni Monsters Inc sem sló í gegn árið 2001. - trs



**SNÚA AFTUR** Eflaust eru margir spenntir fyrir að endurnýja kynnin við vinina Nemó og Doris og varla færri spenntir yfir að skemmta sér með Vidda og Bósa enn á ný.



**KOMNIR AFTUR** Backstreet Boys vinna að nýrri plötu í London.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Saman á ný

Drengjasveitin Backstreet Boys vinnur að sinni fimmtu plötu og er þetta í fyrsta sinn sem allir meðlimir sveitarinnar koma saman í hljóðveri síðan árið 2005.

„Við erum mjög spenntir, þetta er í fyrsta sinn sem við erum allir fimm saman í hljóðverinu síðan 2005,“ sagði Howie Dorough í viðtali við Good Morning America en Kevin Richardson er kominn aftur til liðs við hljómsveitina. Meðlimir Backstreet Boys búa saman í London á meðan þeir vinna við plötuna og ætti það að treysta vinaböndin milli þeirra að nýju.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 20. júlí 2012**

### Tónleikar

**17.00** Kvartettinn Kvika flytur þjóðlög, sönglög og sálma í sal Kaldalóns í Hörpu.

### Sýningar

**20.00** Sýningin Ekki eru allir firðir eins opnar í Gallerí Klósett, Hverfisgötu 61. Aðgangur er ókeypis.

### Hátíðir

**18.00** Baunagrasið á Bíldudal er Folk tónlistarhátíð sem haldin verður í fyrsta skipti. Dagskrá hátíðarinnar má nálgast á Facebook-síðunni Baunagrasid.Bildudal.Tonlistarfestival.

### Tónlist



**20.00** Bandaríska blágresis hljómsveitin Morgan O'Kane mun spila á blágresishátíðinni Kex Kántrí á Kex Hostel. Hljómsveitin Illgresi mun einnig koma fram. Boðið verður upp á matseðil í anda Suður- og Miðríkja Bandaríkjanna og Vífilfell verður með kynningu á Stetson, nýjum búrbon.



**21.00** Hljómsveitin vinsæla Múgsefjun spilar á Bar 11. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Beneath fagnar útgáfu fyrstu breiðskífu sinnar, Enslaved By Fear, með tónleikum á Gamla Gauknum. Þeim til halds og trausts verða hljómsveitirnar Blood Feud og Angist!

**22.00** Skúli mennski flytur sín bestu og vinsælustu lög til þessa ásamt stórhljómsveit á búgítóleikum á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** Ljótu Hálfvitarnir halda tónleika á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.500.

**23.00** Hljómsveitin Homo and the sapiens heldur tónelika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.00** **For a Minor Reflection** efnir til kveðjutónleika á Faktorý en hljómsveitin hyggst gera hlé á spilamennsku um óákveðin tíma. Myrra Rós og My Brother Is Pale hefja kvöldið. Miðaverð er kr. 1.000.

### Uppákomur

**17.00** 60 ungmenni frá Íslandi og Þýskalandi standa fyrir göngu niður Laugaveginn til að mótmæla einelti. Öllum er velkomið að taka þátt en gangan hefst á Hlemmi.

**20.00** Reykjavík Backpackers, Laugavegi 28, heldur funky diskó kvöld. Dansað verður við tónlist frá sjöunda áratugnum og verðlaun veitt fyrir besta búninginn.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


SMÁRABÍÓ · HÁSKÓLABÍÓ
HLUTI AF HVERJUM SELDUM BÍÓMIÐA ALLAN JÚLÍ - rennur til Barnaheilla
ÍSÖLD 4 HEIMSÁLFUHOPP 3D – MANNI, DÝRI OG LÚLLI ERU MÆTTIR AFTUR :)
ted – TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!
VINSÆLASTA MYND VERALDAR! BESTI SPIDER-MAN ALLRA TÍMA! - NEWSWEEK
THE AMAZING SPIDER-MAN
Intouchables – 25.000 GESTIR! ★★★★ - H.S.S, MBL ★★★★ - H.V.A., FBL

| SMÁRABÍÓ (GLERAUGU SELD SÉR) | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL.3.40 - 5.50 | L |
| ÍSÖLD 4 3D ENSK. ÓTEXT | KL. 8 | L |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| TED | KL. 3.30 -5.45 -8 -10.20 | 12 |
| TED LÚXUS | KL. 8 -10.20 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 5 - 8 - 10.50 | 10 |
| SPIDER-MAN 3D LÚXUS | KL. 5 | 10 |
| SPIDER-MAN 2D | KL. 10.10 | 10 |
| WHAT TO EXPECT | KL. 8 | L |
| PROMETHEUS 3D | KL. 10.25 | 16 |

| HÁSKÓLABÍÓ (NÁNAR Á MIÐI.IS) | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL.5.50 | L |
| TED | KL. 8 – 10.20 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL 6 - 9 | 10 |
| STARBUCK | KL. 8 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| WHAT TO EXPECT | KL 10.25 L / MIB KL. 5.30 | 10 |

| BORGARBÍÓ (NÁNAR Á MIÐI.IS) | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 3D | KL. 6 | L |
| TED | KL. 8 - 10 | 12 |
| SPIDERMAN 3D | KL. 8 - 10.30 | 10 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.50 | 12 |

midi.is – Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ – www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| TED | 8, 10.15 |
| ÍSÖLD 4: HEIMSÁLFUHOPP 3D | 4, 6 - ÍSL TAL |
| THE AMAZING SPIDER-MAN 3D | 6 |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 4, 8, 9, 10.20 |
| MADAGASKAR 3 3D | 4 - ÍSL TAL |

SAMBÍÓIN – SAMbio.is
MAGIC MIKE – VINNAN Á KVÖLDIN HEFUR ALDREI VERIÐ JAFN SKEMMTILEG!
ted
THE DARK KNIGHT RISES – FORSÝNINGAR UM HELGINA – STÆRSTA MYND ÁRSINS
DREAM HOUSE – DANIEL CRAIG ER MAGNAÐUR Í ÞESSUM FRÁBÆRA ÞRILLER SEM KEMUR Á ÓVART!
MADAGASCAR 3 – SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI - SÝND Í 2D OG 3D

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| DARK KNIGHT RISES Forsýning uppselt | kl. 00:15 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES Forsýning uppselt VIP | kl. 00:15 | 2D | VIP |
| MAGIC MIKE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MAGIC MIKE VIP | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10 | 2D | VIP |
| ICE AGE 4 ÍSL TAL | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| ICE AGE 4 ensku. Tali | kl. 8 - 10:10 | 3D | L |
| ICE AGE 4 ÍSL TAL | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 | 2D | L |
| DREAMHOUSE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| CHERNOBYL DIARIES | kl. 10:30 | 2D | 16 |
| ROCK OF AGES | kl. 8 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| SNOW WHITE | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | kl. 1:30 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| The Dark Knight Rises Miðnæturpower | kl. 00:15 | 2D | 12 |
| Madagascar 3 M/ ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| MAGIC MIKE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| LOL | kl. 6 | 2D | 12 |
| Dream House | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN SELFOSSI | | | |
|---|---|---|---|
| DREAMHOUSE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| LOL | kl. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | kl. 10:10 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| DARK KNIGHT RISES Fors. uppselt | kl. 0:15 | 2D | 12 |
| TED | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MAGIC MIKE | kl. 8 - 9 - 10:30 | 2D | 12 |
| DREAMHOUSE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| ÍSÖLD 4 ÍSL TAL | kl. 6 | 3D | L |
| ÍSÖLD 4 ENSKT TAL | kl. 7 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | kl. 6 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| MAGIC MIKE | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| DREAMHOUSE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |
| LOL | kl. 8 | 2D | 12 |
| ROCK OF AGES | kl. 10:10 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| TED | kl. 8 | 2D | 12 |
| MAGIC MIKE | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| DREAMHOUSE | kl. 8 - 10 | 2D | 16 |
| ICE AGE 4 ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |
| UNDRALAND IBBA ísl. Tali | kl. 6 | 2D | L |

SPARBÍÓ – MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ ★ PARADÍS
HEIMSFRUMSÝNING! Frábær sálfræðitryllir í anda The Sixth Sense – ROBERT DE NIRO I SIGOURNEY WEAVER – RED LIGHTS
JACK BLACK SLÆR Í GEGN SEM BERNIE
FÖSTUDAGUR: RED LIGHTS 17:40, 20:00, 22:20 ■ BERNIE 17:50, 20:00, 22:10 ■ UNG (GOODBYE FIRST LOVE) 20:00 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50 ■ COOL CUTS: 101 REYKJAVIK 18:00 ■ COOL CUTS: WHEN THE RAVEN FLIES 20:00 ■ COOL CUTS: HEIMA SIGUR RÓS 22:00 ■ BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS) 22:00
BÍÓ PARADÍS - HEIMILI KVIKMYNDANNA
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

Sími: 553 2075 – LAUGARÁS BÍÓ – bara lúxus – Ódýrt í bíó
ÍSÖLD 4 HEIMSÁLFUHOPP 3D – TILBOÐ KL. 4
MADAGASCAR 3 3D – TILBOÐ KL. 4
Intouchables – TILBOÐ KL. 4
TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS


SJÁÐU MYNDINA SEM ER AÐ SLÁ ÖLL AÐSÓKNARMET!
græna ljósið
-betra bíó
★★★★
„Bætir, hressir og kætir.“
- Haukur Viðar Alfreðsson, Fréttablaðið
★★★★
„Heillandi leikur og falleg saga.“
- Helgi Snær Sigurðsson, Morgunblaðið
25 ÞÚSUND GESTIR!
BYGGÐ Á SANNRI SÖGU
François Cluzet Omar Sy
Intouchables
Kvikmynd eftir Olivier Nakache og Eric Toledano
SÝND ÁFRAM VEGNA FJÖLDA ÁSKORANNA Í HÁSKÓLABÍÓI OG LAUGARÁSBÍÓI

# sport

sport@frettabladid.is



**GARY MARTIN** skrifaði í gær undir þriggja og hálfs árs samning við Íslands- og bikarmeistara KR í knattspyrnu. Martin, sem var á mála hjá ÍA undanfarin tvö ár, mætti á sína fyrstu æfingu hjá liðinu í gær. Englendingurinn verður að öllu óbreyttu í liði KR sem sækir Stjörnuna heim í Pepsi-deild karla á morgun. KR-ingar ætla að styrkja sig frekar og útiloka ekki að gera annað tilboð í Skotann Steven Lennon, sóknarmann Fram.



**FRÁBÆR** Hinn 39 ára Bjarki Gunnlaugsson var besti maður vallarins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Góð staða FH-inga:

## FH hélt jöfnu gegn AIK ytra

**FÓTBOLTI** FH-ingar gerðu góða ferð á Råsunda-leikvanginn í Solna í Svíþjóð í gær er liðið gerði 1-1 jafntefli gegn AIK. Atli Guðnason kom FH-ingum á bragðið á 40. mínútu með skoti utarlega úr teignum sem hrökk af varnarmanni efst í markhornið. Heimamenn jöfnuðu með skallamarki snemma í síðari hálfleik.

„Það var allt brjálað á vellinum í hálfleik í stöðunni 1-0 fyrir okkur. Þá var baulað á menn og fólk greinilega ekki ánægt. Ég held að innst inni hafi þeir vanmetið okkur aðeins en þeir gera það öruggleiga ekki á fimmtudaginn. Þeir munu mæta gríðarlega grimmir í þann leik og við gerum okkur grein fyrir því að það verður erfiður leikur,“ sagði Heimir Guðjónsson þjálfari FH. -ktd


BÚTSÖG



26.900

RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA
Sími: 585 2888




**FIMMTU LEIKARNIR** Guðmundur þekkir handboltakeppni Ólympíuleikanna betur en flestir því hann var leikmaður á leikunum í Los Angeles 1984 og í Seúl 1988 og þjálfari liðsins á síðustu tveimur leikum í Aþenu 2004 og Peking 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kveðjustund Guðmundar

**Íslenska karlalandsliðið í handknattleik spilar um helgina sína síðustu leiki fyrir Ólympíuleikana í London er liðið mætir Argentínumönnum. Að leikunum loknum lætur landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson af störfum.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið í handknattleik mætir Argentínumönnum í tveimur æfingaleikjum á laugardag og mánudag. Um er að ræða síðustu leiki landsliðsins áður en haldið verður á Ólympíuleikana í London. Guðmundur Þórður Guðmundsson stýrir liðinu á þriðju Ólympíuleikunum í röð en liðið náði silfurverðlaunum fyrir fjórum árum í Peking eins og margir muna.

„Liðið hefur æft vel eins og fyrir fjórum árum og allir möguleikar eru í stöðunni. En maður er aldrei í rónni sem þjálfari þegar menn eru meiddir stuttu fyrir leika,“ segir Guðmundur.

### Aron í meðhöndlun lækna

Jákvæðu fréttirnar úr herbúðum landsliðsins eru þær að Guðjón Valur Sigurðsson og Ingimundur Ingimundarson æfa af kappi en báðir hafa glímt við meiðsli og ríkti óvissa um þátttöku þeirra um tíma. Aron Pálmarsson kennir sér hins vegar meins í hné auk þess sem Ólafur Bjarki Ragnarsson, fimmtándi maðurinn í hópnum, missteig sig á dögunum.

„Læknarnir telja að þeir geti komið Aroni í lag um og eftir helgi. Hann spilaði lítið í Frakklandi um síðustu helgi, hefur hvílt í vikunni og mun hvíla meira eða minna fram yfir helgi,“ segir Guðmundur sem valdi fjórtán manna hóp sinn fyrir leikana á dögunum.

Athygli vakti að enginn hægri hornamaður var valinn í liðið en hins vegar þrír línumenn. Þar af spila Kári Kristján Kristjánsson og Róbert Gunnarsson nánast eingöngu sókn.

„Þeir eru svo ólíkar týpur. Róbert er mjög oft góður gegn framliggjandi vörnum. Snöggur og góður að skjóta sér í eyður. Kári er miklu þyngri línumaður sem nær að halda hindrun lengur og getur nýst enn betur gegn hávaxnari og þyngri varnarmönnum. Það er ástæðan fyrir því að þeir báðir eru inni.“

### Kökkur í hálsinum

Guðmundur lætur af störfum sem landsliðsþjálfari að loknum Ólympíuleikunum og snýr sér alfarið að þjálfun Rhein-Neckar Löwen í þýsku úrvalsdeildinni. Leikirnir gegn Argentínu eru þeir síðustu undir hans stjórn hér á landi.

„Ég hef svo lítið hugsað um það. Öll einbeitingin fer í að undirbúa liðið fyrir fyrsta leik á Ólympíuleikunum. Að vissu leyti er söknuður í manni, það kemur smá kökkur í hálsinn,“ segir Guðmundur og hlær. kolbeinntumi@365.is

Kvennalandsliðin í fótbolta:

## Tvö landslið mæta Skotum

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson, A-landsliðsþjálfari kvenna, valdi í gær sextán manna hóp fyrir æfingaleik gegn Skotum ytra 4. ágúst. Sömuleiðis var valinn sextán manna hópur skipaður leikmönnum 23 ára og yngri sem mætir Skotum daginn eftir.

Hinar sautján ára Sandra María Jessen og Glódís Perla Viggósdóttir eru í báðum landsliðshópunum.

Tveir leikmenn U23 ára landsliðsins munu bætast við A-hópinn en tilkynnt verður um það síðar. Ólafur Þór Guðbjörnsson, þjálfari U19 ára landsliðs kvenna, aðstoðar Sigurð Ragnar í leikjunum tveimur. - ktd

**A-landslið kvenna**

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Þóra B. Helgadóttir | Ldb Malmö |
| Guðbjörg Gunnarsdóttir | Djurgarden |
| **Aðrir leikmenn:** | |
| Katrín Jónsdóttir | Djurgarden |
| Sif Atladóttir | Kristianstad |
| Hallbera Guðný Gísladóttir | Pitea |
| Rakel Hönnudóttir | Breiðablik |
| Sara Björk Gunnarsdóttir | Ldb Malmö |
| Edda Garðarsdóttir | Örebro |
| Katrín Ómarsdóttir | Kristianstad |
| Dóra María Lárusdóttir | Valur |
| Fanndís Friðriksdóttir | Breiðablik |
| Hólmfríður Magnúsdóttir | Avaldsnes |
| Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir | Stjarnan |
| Sandra María Jessen | Þór/KA |
| Glódís Perla Viggósdóttir | Stjarnan |
| Kristín Ýr Bjarnadóttir | Avaldsnes |



**STOLTUR** Páll Viðar var ánægður með sína menn þrátt fyrir 3-0 tap. MYND/AUÐUNN

Möguleikar Þórs litlir:

## Boleslav of stór biti fyrir Þór

**FÓTBOLTI** Möguleikar Þórs á áframhaldandi þátttöku í forkeppni Evrópudeildarinnar eru litlir efir 3-0 tap gegn tékkneska liðinu Mlada Boleslav í fyrri viðureign liðanna í 2. umferð ytra í gær. Heimamenn skoruðu tvívegis í fyrri hálfleik og bættu við einu marki í þeim síðari. Marktilraunir Tékkanna voru 26 gegn tveimur hjá Þórsurum.

„Þetta var stór og mikil brekka að klífa gegn gríðarlega sterku liði. Ég get ekki annað en verið stoltur af mínum mönnum. Við fórnuðum okkur en þetta var of stór biti. Það er ekki hægt að segja annað. Mínir menn stóðu sig frábærlega og þetta fer í reynslubankann,“ segir Páll Viðar Gíslason, þjálfari Þórs, sem telur möguleika Þórsara í síðari leiknum ekki mikla.

„Þeir eru ekki stórir en maður veit aldrei í fótbolta. Við ætlum hins vegar að taka vel á móti þeim. Það er engin spurning.“ - ktd





VERKÍS fagnar 80 ára afmæli á árinu og lýsti af því tilefni allar starfstöðvar upp á nýjan og spennandi hátt. Framhlið Suðurlandsbrautar 4 var lýst upp í samvinnu við listamenn sem sýndu Pixel Art verk og notuðu til þess lýsingu í gluggum. Þessi lýsing lifði við góðar undirtektir í skammdeginu og fram á vor.

**Verkís vill gefa öðrum listamönnum tækifæri til að sýna verk á menningarnótt og boðar til samkeppni sem sameinar verkfræði, tækni og list. Keppendur skulu gera Pixel Art verk sem spilað verður á framhliðinni á Suðurlandsbraut 4 með lýsingu í gluggum.**

Tillögur skulu sendast á .avi formi á *kot@verkis.is* fyrir **13. ágúst** og skal upplausnin vera 48x5 (fjöldi glugga).

Nánari upplýsingar gefur Kristín Ósk Þórðardóttir á kot@verkis.is

VERKÍS
VERKFRÆÐISTOFA 80 ÁRA 1932 – 2012

Ármúli 4 | 108 Reykjavík | 422 8000 | verkis@verkis.is | verkis.is



139.000 kr.
Vnr. 0291815
Bjálkahús,
4,6 m², 19 mm.
**119.000 kr.**
*án styrkingarpakka



69.990 kr.
Vnr. 55099123
Gróðurhús úr áli og plasti, 6x4 fet, 184x122x215 cm.
**39.900 kr.**

79.990 kr.
Vnr. 55099124
Gróðurhús úr áli og plasti, 6x6 fet, 184x184x215 cm.
**49.900 kr.**

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

# LÆKKAÐ VERÐ
## Á SUMARVÖRUM



Vnr. 55099125
Geymsluskúr, 191x111x181 cm.
59.990 kr.
**39.900 kr.**



Vnr. 0291817
Bjálkahús, 7,6 m2, 28 mm.
209.990 kr.
**189.900 kr.**



9.490 kr.
Vnr. 0291464
Blómaker, gagnvarin fura, 34x70x80 cm.
**6.990 kr.**



2.690 kr.
Vnr. 0291471
Blómakassi, 40x40 cm.
**1.990 kr.**



FRÁBÆRT Á SVALIR

Vnr. 0291485
Stiklur, accacia, 300x300 mm. 11 stk. (1 m² í pk.).
6.990 kr.
**5.990 kr.**



Vnr. 0291540
Garðstóll, gagnvarin, græn fura.
12.990 kr.
**9.990 kr.**

Vnr. 0291541
Milliborð fyrir garðstóla, gagnvarin fura.
3.990 kr.
**3.490 kr.**



15.990 kr.
Vnr. 0291451
Garðborð, gagnvarið, 1800 mm.
**12.900 kr.**



8.990 kr.
Vnr. 0291413
1800x900/900 mm.
**6.990 kr.**



13.990 kr.
Vnr. 0291438
1800x1800 mm, brúnt.
**10.900 kr.**



14.300 kr.
Vnr. 0291415
1800x1800 mm, brúnt.
**12.990 kr.**



8.690 kr.
Vnr. 0291392
1800x900/900 mm.
**6.990 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

**ÓTAL FLEIRI TILBOÐ!**
**GERIÐ VERÐSAMANBURÐ!**

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012
50

EXPO · www.expo.is

> **Stöð 2 kl. 20.05**

**Evrópski draumurinn**

***Sveppi og Pétur Jóhann eru í Feneyjum og notfæra sér mannmergðina til að hala inn stig áður en þeir takast á við stóru áskorunina. Á sama tíma eru Auddi og Steindi í Rúmeníu að fá æskudrauma sína uppfyllta og safna stigum með öllum tiltækum ráðum.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS Þ. LÚÐVÍKSSON Í ÓLYMPÍUÞORPINU

# *Ofurlið leikur listir sínar*

Einu sinni á ári spila bestu körfuboltamenn heims í svokölluðum stjörnuleik NBA-deildarinnar. Yfirleitt er mikið um troðslur og önnur tilþrif en þeim mun minna um varnarleik. Það kann að hljóma ágætlega en raunin reynist alltaf vera verri en hugmyndin. Galdurinn við íþróttir er samkeppnin og það er einfaldlega ekki sami sjarmi yfir sportinu þegar menn eru bara að leika sér á hálfum hraða.

Vilji menn hins vegar horfa á ofurlið körfuboltamanna spila af fullum krafti er ein leið til staðar. Bestu körfuboltamenn heims spila nefnilega nær allir fyrir bandaríska landsliðið. Bandaríska liðið er eins og gefur að skilja langbesta lið í heimi en þó ekki betra en svo að það þarf virkilega að reyna á sig þegar það leikur gegn þeim liðum sem komast næst því. Þá getur það alveg tapað eins og hefur sannast á síðustu árum þegar löndum á borð við Spán, Grikkland og Argentínu hefur tekist að sigra Bandaríkin.

Afleiðingin er sú að á Ólympíuleikunum, sem nú fara að hefjast, verður hægt að fylgjast með lygilega góðu ofurliði í körfubolta leika listir sínar af fullum krafti. Og það er náttúrulega bara veisla að fylgjast með því. Dagskráin fyrir Ólympíuleikana er því svona: leikir íslenska handboltalandsliðsins, leikir bandaríska körfuboltalandsliðsins og úrslitin í 100, 200 og 400 metra hlaupi karla. Citius, Altius, Fortius!




## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Af minnisstæðu fólki **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Þar sem ennþá Öxará rennur **14.00** Fréttir **14.03** Söngleikir okkar tíma **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Leyndardómar býflugnanna **15.25** Eyjar fyrir Austurlandi **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlist fólksins **20.00** Leynifélagið **20.30** Andlit sjúkdóms **21.30** Kvöldsagan: Þrítugasta kynslóðin **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.05** Liðast um landið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.20 Gaukur** (e) Dagskrá um Ólaf Gauk Þórhallsson.

**17.20 Leó**

**17.23 Snillingarnir**

**17.50 Galdrakrakkar**

**18.15 Táknmálsfréttir**

**18.25 Barnasöngvakeppnin** (Vejen til MGP) Danskur þáttur um söngvakeppni barna.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Popppunktur** (3:8) (Auglýsingarstofur - Lífsskoðunarmenn) Dr. Gunni og Felix Bergsson stjórna spurningakeppni starfsgreina. Í þessum þætti keppa auglýsingarstofur við lífsskoðunarmenn.

**20.40 Hollywood-hundur með hvolpa** (Beverly Hills Chihuahua II) Ofdekraður smáhundur í Hollywood eignast hvolpa.

**22.05 Barnaby ræður gátuna – Maðkur í mysunni** (Midsomer Murders: Days of Misrule) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi. Meðal leikenda eru John Nettles og Jason Hughes.

**23.45 Ókunna konan** (The Dead Girl) Lík ungrar konu finnst og eftir því sem vísbendingum um hana fjölgar fer að skarast líf fólks sem virtist áður ótengt. Leikstjóri er Karen Moncrieff og meðal leikenda eru Toni Collette, Brittany Murphy, Giovanni Ribisi og Marcia Gay Harden. Bandarísk bíómynd frá 2006. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**01.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Who the #$&% is Jackson Pollock**

**10.00 A Dog Year**

**12.00 Ice Age: Dawn of the Dinosaurs**

**14.00 Who the #$&% is Jackson Pollock**

**16.00 A Dog Year**

**18.00 Ice Age: Dawn of the Dinosaurs**

**20.00 I Love You Phillip Morris**

**22.00 King of California**

**00.00 Rising Sun**

**02.05 Festival Express**

**04.00 King of California**

**06.00 I, Robot**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.45 Malcolm in the Middle** (15:16)

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (104:175)

**10.10 Sjálfstætt fólk** (10:30)

**10.50 The Glades** (11:13)

**11.40 Cougar Town** (5:22)

**12.05 Kalli Berndsen-Í nýju ljósi** (7:10)

**12.35 Nágrannar**

**14.35 The Cleveland Show** (11:21)

**15.00 Tricky TV** (6:23)

**15.25 Sorry I've Got No Head**

**15.55 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 Simpson-fjölskyldan** (2:22)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.06 Veður**

**19.15 American Dad** (6:19)

**19.40 Simpson-fjölskyldan** (18:22)

**20.05 Evrópski draumurinn** (4:6) Tvö lið þeysast um Evrópu í kapplaupi við tímann, leysa þrautir og safna stigum.

**20.40 So You Think You Can Dance** (7:15)

**22.05 Rush Hour** Hörkuspennandi mynd þar sem Jackie Chan og Chris Tucker stilla saman strengi sína. Rannsóknarlögreglumaðurinn Lee, einn besti lögreglumaður í Hong Kong, er sendur til Bandaríkjanna til að rannsaka mannrán á dóttur besta vinar hans.

**23.45 American Pie: The Book of Love** Ærslafull gamanmynd um þrjár ungar jómfrúr sem treysta á gamla Biblíu af bókasafni skólans til að leiðbeina sér um hvernig sé best að missa meydóminn.

**01.15 Julia** Spennumynd um konu sem ferðast um landið og notar ungan dreng sem tálbeitu til að svíkja peninga út úr fólki.

**03.35 A Christmas Carol** Vönduð jólamynd fyrir alla fjölskylduna með Jim Carrey um sígilda ævintýrið frá Charles Dickens um Ebenezer Scrooge.

**05.10 Cougar Town** (5:22)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**08.00 Formúla 1: Þýskaland - Æfing 1** BEINT

**12.00 Formúla 1: Þýskaland - Æfing 2** BEINT

**17.30 Símamótið** Það eru stelpur í 5., 6. og 7. flokki sem keppa á mótinu.

**18.20 Pepsi deild kvk: Stjarnan - Þór/KA**

**20.10 Grillhúsmótið** Fylgst er með mótinu sem fram fór á Þorlákshöfn. Þar mættu sterkustu menn Íslands undir 105 kg.

**20.40 Michelle Wie á heimaslóðum** Skemmtilegur þáttur þar sem David Feherty heimsækir Michelle Wie og tekur við hana einlægt viðtal á heimaslóðum.

**21.25 UFC 119**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Bolton - Man. City**

**20.00 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

**21.00 Premier League World 2012/13**

**21.30 Arsenal - Tottenham**

**23.15 Patrick Kluivert** Patrik Kluivert var frábær leikmaður og syndi það og sannaði a knattspyrnuvellinum. Við faum að kynnast þessum hollenska leikmanni betur og ferill hans skoðaður ofan í kjölinn.

**23.40 PL Classic Matches: Tottenham - Southampton, 1999**

## STÖÐ 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** (162:175)

**20.10 Friends** (3:24)

**20.35 Modern Family** (3:24)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Masterchef USA** (9:20)

**22.30 The Closer** (11:21)

**23.15 Fringe** (5:22)

**00.00 Rescue Me** (22:22)

**00.45 Evrópski draumurinn** (4:6)

**01.20 Friends** (3:24)

**01.45 Modern Family** (3:24)

**02.10 The Doctors** (162:175)

**02.50 Fréttir Stöðvar 2**

**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**16.25 Hæfileikakeppni Íslands**(5:6)(e)

**17.15 Rachael Ray**

**18.00 One Tree Hill** (1:13) (e) Vinsæl bandarísk þáttaröð um ungmennin í Tree Hill sem nú eru vaxin úr grasi. Mikið hefur gengið á undanfarin ár en þetta er síðasta þáttaröðin um vinahópinn síunga. Lífið leikur við pörin tvö sem eru að venjast foreldrahlutverkinu. En gömul andlit úr fyrri þáttum mæta á svæðið sem geta sett allt úr skorðum.

**18.50 America's Funniest Home Videos** (16:48) (e)

**19.15 Will & Grace** (1:24) (e)

**19.40 The Jonathan Ross Show** (6:21) (e)

**20.30 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar. Tvö þör mætast í bráðabana.

**21.15 The Biggest Loser** (11:20) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið í heimi skyndibita og ruslfæðis.

**22.45 HA?** (22:27) (e) Íslenskur skemmtiþáttur með spurningaívafi. Gestir kvöldsins að þessu sinni eru þeir Jóhannes Haukur Jóhannesson, Pétur Örn Guðmundsson og Atli Þór Albertsson

**23.35 Prime Suspect** (12:13) (e)

**00.20 The River** (5:8) (e)

**01.10 Vexed** (1:3) (e)

**02.00 Jimmy Kimmel** (e)

**02.45 Jimmy Kimmel** (e)

**03.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** The Open Championship Official Film 2009 **08.00** Opna breska meistaramótið 2012 (2:4) **19.00** Opna breska meistaramótið 2012 (2:4) **02.00** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## BBC entertainment

**06.40** Keeping Up Appearances **07.40** My Family **08.40** Dalziel and Pascoe **10.10** Deal or No Deal **10.45** My Family **11.15** Extreme Makeover: Home Edition **11.55** QI **12.55** Keeping Up Appearances **13.55** My Family **14.55** The Best of Top Gear **15.45** QI **16.45** Extreme Makeover: Home Edition **17.30** The Graham Norton Show **18.15** QI **19.10** The Best of Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.15** Shooting Stars **21.45** Peep Show **22.10** Live at the Apollo **22.55** The Best of Top Gear **23.44** The Graham Norton Show

## DR 1

**13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Sommermad med Jamie Oliver **14.00** Professor Balthazar **14.10** Olivia **14.20** Timmy-tid **14.30** Snip Snap Snude **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Håndbold. Scandinavian Open **16.40** TV Avisen med Sport og Vejret **16.50** Håndbold. Scandinavian Open **17.50** Håndbold. Scandinavian Open **18.40** TV Avisen **18.50** Håndbold. Scandinavian Open **19.30** Sommervejret **19.35** Aftentour 2012 **20.00** Wimbledon **21.30** Sådan fyrer du kæresten!

## NRK 1

**10.10** 37 1/2 **11.50** Billedbrev fra Europa **12.00** Teenage Boss **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.10** Matador **15.00** NRK nyheter **15.10** Sommeråpent **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Tegnspråknytt **16.10** Koht på jobben **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Skishow på sommerføre **18.15** Friidrett. Diamond League fra Monaco **20.00** 20 spørsmål **20.30** Original Nilsen **21.00** Kveldsnytt **21.15** Tudors **22.05** Popperler fra 60-tallet **23.00** Skishow på sommerføre

## svt1

**08.40** Barnläkarna **09.40** Här är ditt kylskåp **10.10** Kändisbarnvakten **10.50** Schmokk **11.50** Friday night dinner **12.15** OS-krönika **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Married Single Other **15.45** Humor godkänd av staten **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Det goda livet **17.05** Du var där med din polare Frank **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Macken **18.35** Eighties **19.05** Public Enemies **21.20** Rapport **21.25** OS-krönika **22.25** Little Children

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |





sævar karl.
reykjavík
ÚTSALAN ER Í
FULLUM GANGI
40%-50% AFSLÁTTUR
ARMANI
D&G
STENSTRÖMS
BALDESSARINI
SCHUMACHER
T BY ALEXANDER WANG
CAMBIO
ROCCO P
PEDRO GARCIA
PAOLO DA PONTE
HVERFISGÖTU 6 • S. 551 3470

FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Hey Now með ástrólsku hljómsveitinni Crowded House. Þetta er flott lag, góður fílingur og gjörsamlega tímalaust.“*

Jóhann Helgason tónlistarmaður

# Grillmarkaðurinn með besta borgarann

„Við erum alveg geigvænlega hrifin af borginni og okkar hlutverk er meðal annars að benda lesendum á hluti sem þeir ættu að prófa,“ segir Haukur S. Magnússon, annar ritstjóri tímaritsins Reykjavík Grapevine, sem gaf út sitt fjórða árlega „Best í Reykjavík“ tölublað á dögunum. Þar hljóta sjötíu staðir og fyrirbærí lof fyrir að vera bestir á sínu sviði.

Í fyrsta sinn frá upphafi listans varð Hamborgarabúlla Tómasar ekki hlutskörpust í flokknum „Besti borgarinn“ en hádegisborgari Grillmarkaðarins þótti bera höfuð og herðar yfir aðra borgara bæjarins.

„Þetta er rosalegur borgari. Ég hef ferðast víða og er mikill áhugamaður um hamborgara en ég held að þessi á Grillmarkaðnum skáki jafnvel góðum amerískum borgurum, frá sjálfu landi hamborgaranna,“ segir Haukur smjattandi. Snaps varð fyrir valinu sem „Besti veitingastaðurinn, fjandakornið!“ og Faktorý sem „Besti allra handa barinn“. Sundhöllin bættist í hóp stofnana Reykjavíkurborgar samkvæmt blaðinu. Það eru staðir sem hafa sannað ágæti sitt og eru Bæjarins bestu, Kaffibarinn og Ísbúð Vesturbæjar meðal annars á þeim lista.

Haukur segir aðstandendur ánægða með útkomuna. „Listinn er hvergi nærri óskeikull, en endurspeglar hvað stór hópur fólks kann að meta við Reykjavíkurborg og lífið þar.“

Sigurvegararnir voru valdir af tveimur mannmörgum umræðuhópum, út frá ýmsum ábendingum og könnun á netinu. „Við fengum okkur bara bjór og ræddum við fólk sem hefur reynslu af því að borða úti og sækja þessa staði,“ segir hann. **- hþt**



**ROSALEGUR** Blaðamennirnir Byron Wilkes og Haukur S. Magnússon gæða sér á hádegisborgara á Grillmarkaðnum, sem gerir besta borgarann samkvæmt matsnefnd Reykjavík Grapevine. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## ODDBJØRN SKJERDAL: ÉG HEF ALDREI ÁÐUR GERT NEITT ÞESSU LÍKT

# Bíður svars frá konunni með schaefer-hundinn

„Það sendi mér kona skilaboð á Facebook í gær og sagðist vera vinkona þeirrar sem ég væri að leita að. Hún sendi mér upplýsingar um hana og ég er búinn að senda henni póst,“ segir Oddbjørn Skjerdal, sem leitar íslenskrar draumadísar sem hann hefur rekist á tvívegis í heimsóknum sínum hingað til lands.

Oddbjørn brá á það ráð í örvæntingarfullri leit sinni að senda inn auglýsingu í smáauglýsingar Morgunblaðsins og lýsa eftir henni. Auglýsingin hefur farið sem eldur í sinu um netheima og er þegar komin með vel yfir eitt þúsund meðmæli á Facebook. „Vá, mér datt ekki í hug að svona margir myndu lesa þetta. Þetta hræðir mig pínu en ég hef aldrei gert neitt svipað þessu áður,“ segir Oddbjørn hissa þegar hann fréttir af vinsældum auglýsingarinnar.

Forsaga málsins er sú að hann kom hingað til lands árið 2010 og rakst þá á ljóshærða konu, um 170 sentimetra háa, með fallegt bros og schaefer-hund við Olís í Hvalfirðinum. „Það gerðist eitthvað sérstakt innra með mér strax og ég sá þessa konu,“ segir Oddbjørn sem hélt dagbók á meðan á dvöl hans hér stóð og gat því nefnt stund og stað hittingsins nákvæmlega. Hann guggnaði þó á að tala við hana og hélt leiðar sinnar, sá svo eftir því og sneri við en þá var hún farin.

Það var svo núna í júní að hann var staddur hérlendis aftur í heimsókn og sá þá konu standa fyrir framan Kaffismiðjuna. „Ég fann þessa tilfinningu aftur um leið og ég sá hana. Það var samt ekki fyrr en ég var kominn heim um kvöldið að ég áttaði mig á því hvaða tilfinning þetta var og að þetta hefði verið sama konan og fyrir tveimur árum, með sama hundinn,“ segir Oddbjørn rómantískur í bragði.

Hann fann strax að hann yrði að finna þessa konu sem vakti slíkar tilfinningar innra með honum svo hann hafði samband við íslenskan nágranna sinn og spurði hann ráða. „Hann bauðst til að þýða fyrir mig auglýsingu yfir á íslensku og senda inn í blaðið,“ segir Oddbjørn.

Hann var búinn að vera í vinnunni allan daginn þegar blaðamaður náði af honum tali og því ekki búinn að sjá hvort daman, sem hann sendi póst í gær, hefði svarað. „Ég er mjög spenntur að koma heim og sjá hvort mín bíði skilaboð,“ segir hann.

**tinnaros@frettabladid.is**



**RÓMANTÍSKUR KAPPI** Oddbjørn leggur mikið á sig til að finna draumakonuna sína, sem hann hefur rekist á í tvígang hérlendis en aldrei náð að tala við. MYND/ÚR EINKASAFNI

> Það gerðist eitthvað sérstakt innra með mér strax og ég sá þessa konu.
>
> **ODDBJØRN SKJERDAL** RÓMANTÍKUS

# Klippa allan daginn fyrir hjartað

„Pabbi minn fékk hjartaáfall fyrir tveimur vikum síðan. Ég ætlaði að halda klippi-maraþonið upp á gamanið en ákvað að snúa þessu yfir í góðgerðarmál,“ segir Emil Ólafsson, annar eigandi hársnyrtistofunnar Sjoppunnar sem stendur fyrir klippingum gegn frjálsum framlögum og sumargleði í Hjartagarðinum til styrktar Hjartaheill í dag.

Undanfarin tvö ár hafa hársnyrtar stofunnar safnað fyrir Krabbameinsfélagið með svipuðu sniði. „Kristján Aage, sem á stofuna með mér, missti mömmu sína fyrir tveimur árum úr krabbameini og pabbi greindist með krabbamein í fyrra,“ segir hann og bætir við: „Maður finnur fyrir þessu. Stofan gengur vel og við viljum gefa eitthvað til baka, til þeirra sem hafa fylgt okkur í gegnum lífið.“

Sumarhátíðin hefst klukkan tólf á hádegi og stendur fram eftir kvöldi. Tónlistarveitan Gogoyoko leikur lifandi tónlist meðan starfsmenn Stofunnar snyrta hár. Grillaður kjúklingur verður í boði og samkeppnisaðilarnir Hemmi og Valdi, Lebowski og Faktorý sjá gestum fyrir léttum veitingum ásamt Vífilfelli. Allir sem láta peninga af hendi rakna taka þátt í veglegu happdrætti.

Emil hrósar Hjartaheillum, landssamtökum hjartasjúklinga á Íslandi, fyrir gott starf og með hátíðinni vill hann minna fólk á mikilvægi hjartans og óviðeigandi sparnað í heilbrigðiskerfinu. „Pabbi þurfti að bíða í tæpa sex tíma eftir skoðun á bráðamóttöku með verki fyrir hjarta því það var undirmannað,“ segir Emil en hans hjartans mál er að bæta aðbúnað spítalanna. **- hþt**



**MEÐ HJARTA ÚR GULLI** Emil Ólafsson og hársnyrtar Sjoppunnar minna fólk á mikilvægi hjartans í Hjartagarðinum, milli Laugavegs og Hverfisgötu, í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


USB SKJÁR

NÝJUNG FRÁ PHILIPS!

21,5“ skjár sem tengist aðeins með USB. W-LED háskerpuskjár með frábærri upplausn. Kemur á stillanlegum standi þannig að hægt er að snúa honum í 90°.




Philips 221S3LSB LED

SÉRSTAKT KYNNINGARVERÐ

34.990

GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

tl.is

PHILIPS

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR

# ÓTRÚLEGI ÚTSÖLUMARKAÐURINN
## Í FULLUM GANGI Í LAUGARDALSHÖLLINNI

VERÐ FRÁ 99 KR.

# TÓNLIST LEIKFÖNG OG DVD

VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA ENDURTÖKUM VIÐ TENINGAKASTIÐ Í 3 DAGA!

**KASTAÐU TENINGUNUM AFTUR UM HELGINA**

EF TALAN ÞÍN KEMUR UPP FÆRÐU FULLA ENDURGREIÐSLU*

*LÁGMARKSKAUP: 5.000 KR.
GILDIR 20. TIL 22. JÚLÍ

NÝTT KORTATÍMABIL!

**15% AUKA AFSLÁTTUR**
EF ÞÚ KAUPIR FYRIR MEIRA EN 20.000 KR.

**10% AUKA AFSLÁTTUR**
EF ÞÚ KAUPIR FYRIR MEIRA EN 10.000 KR.

## OPIÐ 11 - 19 ALLA DAGA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Aftur í sjónvarp

Þriðja lagið með hljómsveitinni Steed Lord var notað undir dansatriði í sjónvarpsþættinum vinsæla So You Think You Can Dance. Þátturinn var sýndur í Bandaríkjunum á miðvikudagskvöld og var það danshöfundurinn **Sonya Tayeh** sem samdi dansinn við lagið. Framleiðendur þáttarins báðu hljómsveitina um lag sem færi vel við sérstakan dansstíl Tayeh, en honum er lýst sem bardagadjass, og varð sveitin við þeirri ósk og endurvann lag sitt, Hear Me Now, fyrir þáttinn. Fleiri íslensk lög ómuðu í þættinum á miðvikudag því Tayeh samdi einnig dans við lag Ólafs Arnalds. Tayeh er sögð mjög hrifin af íslenskri tónlist og því ekki útilokað að fleiri lög eftir íslenska tónlistarmenn muni hljóma í þættinum í sumar.



### Connelly mætt á svæðið

Ben Stiller yfirgaf landið seinni partinn í gær en hann er væntanlegur aftur á næstunni. Stiller og félagar héldu partí þar sem veitingastaðurinn La Primavera var áður til húsa á miðvikudagskvöld. Fjölmörgum föngulegum stúlkum var boðið og gleðin stóð yfir langt fram á nótt. En það er skammt stórra högga á milli á Íslandi og Hollywood-stjarnan **Jennifer Connelly** kom til landsins í gærkvöldi. Hún leikur konu Nóa í mynd Darrens Aronofsky um athafnasama smiðinn, sem leikinn er af Russell Crowe. Tökur hefjast innan skamms rétt eins og á mynd Ben Stillers, The Secret Life of Walter Mitty. - sm, afb



## Mest lesið vísir

1. Alvarlega slasaður eftir að torfærubíll valt
2. Kölluðu lögreglu til vegna síbrotakattar
3. Kona særð í vopnaðri árás í heimahúsi
4. Lítið af gulli eftir í gullverðlaunum...
5. Almenningur sniðgangi verslunarkeðjur...





